

Mýrdalshreppur

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028

Maí 2012

VSÓ RÁÐGJÖF



Gögn

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 samanstendur af:

- Greinargerð Aðalskipulags Mýrdalshrepps, dags. maí 2012
- Þéttbýlisupprætti, mkv. 1:10.000, dags. maí 2012
- Sveitarfélagsupprætti, mkv. 1:50.000, dags. maí 2012
- Umhverfisskýrslu, dags. maí 2012

Fylgigögn

- Veðurstofa Íslands. Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskort. VÍ-2009-008. Desember 2009.

Samþykktir

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 sem hefur fengið meðferð skv. 30., 31. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 var staðfest af Skipulagsstofnun, skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þann



FORMÁLI

Við sveitarstjórnarskipti vorið 2010 beið núverandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009 - 2025 enn staðfestingar umhverfisráðherra. Þann 14. október 2010 kom bréf frá ráðherra þar sem tilkynnt var að við afgreiðslu ráðherra yrði synjað um staðfestingu á þeim hluta aðalskipulagsins er varðar breytta veglínu Suðurlandsvegur um Mýrdal og var í því sambandi vísað til tveggja atriða annarsvegur að um vanhæfi hafi verið að ræða við afgreiðslu málsins í sveitarstjórn og hinsvegur að skort hafi á upplýsingar um áhrif vegarins á náttúru og samfélag í Mýrdal.

Skipulagið hafði verið á annan áratug í vinnslu og var því í raun strax við samþykkt þess kominn tími á að endurskoða ýmis ákvæði þess, auk þess sem synjun á breyttri veglínu mætti mikilli andstöðu sveitarstjórnar. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tók því þá ákvörðun strax og þetta lá fyrir að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins. Óskað var tilboða í ráðgjafavinnu við gerð skipulagsins frá nokkrum þekktum ráðgjafafyrirtækjum og í framhaldinu var gengið frá samningum við VSÓ Ráðgjöf um verkið.

Ráðgjafi lagði verkið þannig upp að settur yrði á fót stýrihópur sem ynni með ráðgjöfum að gerð skipulagsins og eins að sett yrði á fót sérstakt matsteymi sérfræðinga og staðkunnugra heimamanna sem tæki að sér að meta umhverfisáhrif aðalskipulagsins með sérstakri áherslu á umhverfisáhrif breyttrar veglínu um Mýrdal.

Skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps þeir Karl Pálmason, Guðmundur Emil Sæmundsson, Þráinn Sigurðsson, Gylfi Júlíusson og Steinþór Vigfússon mynduðu stýrihópinn ásamt Sigurði Jakobssyni skipulags- og byggingarfulltrúa og sveitarstjóra. Bryndís Harðardóttir, Þórir Kjartansson og Sigurður Ævar Harðarson tóku að sér þátt staðkunnugra heimamanna í matsteymivinnunni. Þá var einnig leitað til margra heimamanna um ráðgjöf við einstakar útfærslur í skipulaginu. Öllum eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Við vinnslu á skipulaginu var ákveðið breyta gildistímanum, þannig að heiti áætlunarinnar verði Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

Gerð aðalskipulags tekur til alls lands sveitarfélagsins og á að lýsa stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Það er von okkar sem að þessu höfum unnið að skipulagið myndi gagnsæja umgjörð um sveitarfélagið og verði þannig notadrijúgt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs í Mýrdal og skipulögð umgjörð atvinnulíf sem byggir á auðlindum og gæðum svæðisins alls. Þá leggur skipulagið ríka áherslu á að Mýrdalshreppur á að vera fjölskylduvænt sveitarfélag og eftirsóknarvert til búsetu.

Ásgeir Magnússon
sveitarstjóri



Ljósmynd: Jónas Erlendsson



STÝRIHÓPUR SKIPULAGS

Við,
ibúarnir, sem búum undir grænum
hlíðum,
fyrir opnu hafi og svörtum söndum,
tókum þá staðföstu ákvörðun að
endurskoða
núverandi aðalskipulag
sveitarfélagsins,
með það í huga, að gera á því
breytingar
og færa í nútímalegra horf.

Við, sem þið fóluð þessa vinnu,
hófumst
þegar handa af einurð og festu
við að finna nýjar lausnir og
framτίðarsyn.

Við afhendum ykkur nú þennan texta
til að vinna úr tækifæri fyrir okkur í
Mýrdalnum.

Gylfi Júlíusson

Árið 2011 var ákveðið að endurskoða Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025, sem staðfest var í desember 2010. Helstu forsendur endurskoðunar eru að:

- Ný veglína fyrir þjóðveg nr. 1 var ekki staðfest af umhverfisráðherra, vegna vanhæfis oddvita við samþykkt skipulagsáætlunar og þörf á ítarlegri umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif nýrrar veglínú.
- Málsmeðferð aðalskipulagsins sem staðfest var af umhverfisráðherra 22.12.2010 hafði tekið langan tíma og því orðið nauðsynlegt að endurskoða stefnumótun sveitarfélagsins um landnotkun, uppfæra ýmsar upplýsingar sem voru orðnar úreltar og skerpa á framsetningu skipulagsins í samræmi við breyttar áherslur og ný gögn.

Skipaður var stýrihópur sem hafði umsjón með skipulagsvinnunni. Endurskoðunin, byggir á allri þeirri miklu vinnu sem búið var að leggja í skipulagið sem staðfest var árið 2010 og er talsvert efni notað óbreytt eða umritað (Mýrdalshreppur 2010). Þá verður gert ráð fyrir að fyrri skipulagsgögn séu nýtt sem ítarnefni. Ráðgjafi skipulagsvinnu var VSÓ Ráðgjöf.

Stýrihópur endurskoðunar Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri
Guðmundur Emil Sæmundsson
Gylfi Júlíusson
Karl Pálmason, formaður
Sigurður Jakobsson, skipulagsfulltrúi
Steinþór Vigfússon
Þráinn Sigurðsson

Auk ofangreindra komu ýmsir að skipulagsvinnunni. Þórhildur Jónsdóttir á Ketilsstöðum fór yfir örnefni og staðsetningu þeirra á skipulagsuppráttum. Leitað var til staðkunnugra manna um ýmis álitamál. Myndefni og leyfi til birtinga í greinargerð var fengið hjá Birnu Viðarsdóttur, Helgu Viðarsdóttur, Jónasi Erlendssyni og Þóri Kjartanssyni.

Samhliða skipulagsvinnu var unnið að umhverfismati skipulagsáætlunarinnar. Skipað var í matsteymi til að ræða um og meta möguleg umhverfisáhrif tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. VSÓ Ráðgjöf hafði umsjón með vinnu matsteymis og er höfundur umhverfisskýrslu.

Matsteymi endurskoðunar Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2009-2025

Borgþór Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérfræðingur á sviði gróðurfars og vistfræði

Bryndís F. Harðardóttir, íbúi í Mýrdalshreppi með staðarþekkingu


Jón S. Ólafsson, Veiðimálastofnun. Sérfræðingur á sviði vatnalíffræði og vistfræði

Þórir N. Kjartansson, íbúi í Mýrdalshreppi með staðarþekkingu

Eiríkur Bjarnason, Vegagerðin. Sérfræðingur á sviði veghönnunar og áætlunargerðar

Sigurður Æ. Harðarson, íbúi í Mýrdalshreppi með staðarþekkingu

Sigurður Jakobsson, skipulagsfulltrúi



Ljósmynd: Birna Viðarsdóttir



EFNISYFIRLIT

| | | | |
|--|----|---|----|
| FORMÁLI | 4 | Skilmálar vatnsverndar..... | 12 |
| STÝRIHÓPUR SKIPULAGS | 5 | 1.5. Landbúnaðarsvæði | 12 |
| EFNISYFIRLIT | 1 | Skilmálar á landbúnaðarsvæðum..... | 13 |
| FORSENDUR | 1 | 1.6. Skógrækt | 13 |
| Staðhættir | 1 | Skilmálar vegna skógræktar..... | 13 |
| Íbúafjöldi í Mýrdalshreppi | 1 | 1.7. Óbyggð svæði | 13 |
| Aldurssamsetning og kynjahlutfall | 1 | 1.8. Strandlengja | 14 |
| Atvinna og landbúnaður | 2 | 1.9. Efnistaka | 14 |
| Veðurfar | 4 | Skilmálar vegna efnisnáms | 15 |
| Viðfangsefni skipulagsins | 6 | 1.10. Hverfisvernd náttúruminja | 16 |
| 1. AUÐLINDIR | 7 | Skilmálar hverfisverndar..... | 16 |
| Leiðarljós | 7 | 1.11. Helstu breytingar | 16 |
| Markmið / Áherslur | 7 | 2. ATVINNA | 17 |
| 1.1. Forsendur | 7 | Leiðarljós | 17 |
| 1.2. Náttúruverndarsvæði | 8 | Markmið / Áherslur | 17 |
| Friðlýst svæði | 8 | 2.1. Forsendur | 17 |
| Skilmálar um friðlandið..... | 8 | 2.2. Athafnasvæði | 18 |
| Aðgerðir vegna Dyrhólaeyjar | 8 | Skilmálar fyrir athafnasvæði..... | 18 |
| Svæði á náttúruminjaskrá | 8 | 2.3. Iðnaðarsvæði | 18 |
| Skilmálar á svæðum á náttúruminjaskrá..... | 9 | Skilmálar fyrir iðnaðarsvæði..... | 18 |
| Náttúruverndaráætlun | 9 | 2.4. Verslunar- og þjónustusvæði | 19 |
| Svæði sem njóta sérstakrar verndar | 10 | Ferðaþjónusta | 19 |
| 1.3. Vötn og sjór | 10 | Katla Jarðvangur | 19 |
| Skilmálar fyrir vötn og sjó..... | 10 | Skilmálar vegna Kötlu Jarðvangs..... | 20 |
| Skilmálar vegna varnargarða | 10 | Verslun og þjónusta | 20 |
| Skilmálar við smávirkanir | 10 | Skilmálar á verslunar- og þjónustusvæðum..... | 21 |
| 1.4. Vatnsverndarsvæði | 12 | | |



| | | | |
|---|-----------|---|-----------|
| 2.5. Miðsvæði | 21 | 3.8. Gagnaveita | 32 |
| 2.6. Landbúnaðarsvæði | 21 | 3.9. Göngu- og reiðleiðir | 32 |
| 2.7. Helstu breytingar | 22 | 3.10. Helstu breytingar | 32 |
| 3. SAMGÖNGUR OG VEITUR | 23 | 4. BYGGÐ | 33 |
| Leiðarljós | 23 | Leiðarljós | 33 |
| Markmið / Áherslur | 23 | Markmið / Áherslur | 33 |
| 3.1. Forsendur | 23 | 4.1. Forsendur | 33 |
| 3.2. Vegasamgöngur | 26 | 4.2. Íbúðarbyggð | 34 |
| Hringvegur í Mýrdalshreppi..... | 26 | Skilmálar og aðgerðir vegna íbúðarbyggðar | 34 |
| Forsendur nýs Hringvegar | 26 | 4.3. Fristundabyggð | 35 |
| Valkostir um veglínu..... | 26 | Skilmálar vegna fristundabyggðar..... | 35 |
| Umhverfisáhrif og niðurstaða umhverfismats | 27 | 5. SAMFÉLAG | 37 |
| Niðurstaða matsvinnu | 28 | Leiðarljós | 37 |
| Skilmálar og aðgerðir vegna færslu Hringvegar | 29 | Markmið / Áherslur | 37 |
| Tengivegir | 30 | 5.1. Forsendur | 37 |
| Aðgerðir og skilmálar vegna tengivega..... | 30 | 5.2. Þjónustustofnanir | 38 |
| Landsvegir..... | 30 | Skilmálar vegna þjónustustofnana | 38 |
| Almenningssamgöngur | 30 | 5.3. Menntamál | 39 |
| 3.3. Fráveita | 30 | 5.4. Opin svæði til sérstakra nota | 39 |
| Aðgerðir vegna fráveitu | 31 | Skilmálar á opnum svæðum til sérstakra nota | 40 |
| 3.4. Vatnsveita | 31 | 5.5. Fornminjar | 40 |
| Aðgerðir vegna vatnsveitu | 31 | Norður-Vík | 40 |
| 3.5. Hitaveita | 31 | Suður-Vík | 40 |
| Aðgerðir vegna hitaveitu | 31 | Friðlýstar fornminjar | 41 |
| 3.6. Rafveita | 31 | Skilmálar vegna fornminja..... | 41 |
| Skilmálar og aðgerðir vegna rafveitu | 31 | Húsafriðun | 42 |
| 3.7. Flugsamgöngur | 31 | Skilmálar vegna húsafriðunar..... | 43 |
| Skilmálar vegna flugsamgangna..... | 31 | | |



| | |
|---|-----------|
| 5.6. Úrgangur | 44 |
| Flokkun úrgangs | 44 |
| Förgun úrgangs | 44 |
| Skilmálar og aðgerðir vegna úrgangs | 44 |
| 5.7. Náttúruvá | 45 |
| Viðbrögð vegna Kötluhlaupa | 45 |
| Sjóvarnir | 46 |
| Dyrhólaós | 47 |
| Skilmálar vegna flóðahættu | 47 |
| Ofanflóð | 47 |
| Skilmálar og aðgerðir vegna ofanflóða | 48 |
| Jarðskjálftar | 48 |
| Skilmálar fyrir mannvirkjagerð vegna jarðskjálfta | 48 |
| 5.8. Helstu breytingar | 48 |
| 6. Umhverfisáhrif | 51 |
| 6.1. Niðurstaða umhverfismats | 51 |
| 7. HEIMILDIR | 53 |



FORSENDUR

Staðhættir


Sveitin er grasi gróin, en beljandi jökulfljót og víðáttumiklir sandar mynda mótvægi við gróðurlendið. Víða til heiða eru fjöllin mjög sundurskorin af hrikalegum gljúfrum. Mest eru þetta fornar sprungumyndanir sem skriðjökla og jökulár hafa mótað. Í meginráttum er um að ræða móbergssvæði, ung jarðmyndun, sem ýmist er mynduð við neðansjávargos eða gos undir jökli.

Íbúafjöldi í Mýrdalshreppi

Íbúar Mýrdalshrepps voru 470 talsins í janúar 2011. Íbúar hafa verið flestir um 600 frá því sveitarfélagið varð til í núverandi mynd. Á undanföllum 20 árum hefur íbúum sveitarfélagsins fækkað eins og hjá flestum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Árið 1991 voru íbúar nærri 600 en eru nú um 470 og hefur því fækkað um fimmting á 20 árum.


Íbúafjöldinn í sveitarfélaginu er mestur í Vík í Mýrdal og búa þar 62% íbúanna. Líklega mun það hlutfall haldast eða hækka gangi áætlanir um fjölgun íbúa eftir.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa komandi ár og stefnir að því að íbúafjöldinn nálgist 500 manns árið 2025. Miðað er við árlega fjölgun upp á 0,4% sem er minna en lágspá mannfjöldaspár Hagstofunnar fyrir landið allt.



Mynd i: Mannfjöldi og breytingar á mannfjölda í Mýrdalshreppi 1991-2011

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd ii: Mannfjöldi í byrjun árs 2007-2011 og spá um íbúafjölda til loka skipulags-tímabilsins m.v. 0,4% fjölgun árlega.


Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VSÓ Ráðgjöf

Til að íbúafjöldi sveitarfélagsins verði 500 þarf að fjölga um 30 íbúa frá því sem nú er. Sé litið til dánartíðni og aldurssamsetningar mun brúttó fjölgun íbúa þurfa að liggja á bilinu 90 - 100 manns á skipulagstímabilinu til að viðhalda árlegum vexti á bilinu 0,4-0,5%.

Aldurssamsetning og kynjahlutfall

Almennt má segja að helsta áskorun sveitarfélagsins varðandi aldurssamsetninguna sé viðvarandi „belti“ um miðjan aldurspýramídan þar sem vantar fólk á aldrinum 30-49 ára (mynd iii). Þá er hlutfall íbúa á sjötugs- og áttræðisaldri fremur hátt.

Í heild eru konur nokkru færri en karlar, sem eru rúmlega 52% íbúanna. Ójafnvægi í kynjahlutföllum er mest áberandi á aldrarsbilinu 10-19 ára þar sem karlar eru hlutfallslega fleiri en konur. Skýringin gæti verið almennari sókn kvenna á þessum aldri í framhaldsskólanám.



Mynd iii: Aldursdreifing í Mýrdalshrepp borið saman við aldersdreifingu á landsvísi.

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)

Tafla i: Aldursdreifing íbúa árið 2011 í Mýrdalshreppi

| | Aldursbil íbúa | Fjöldi íbúa | Hlutfall af heild |
|--------------------------|------------------|-------------|-------------------|
| Leik- og grunnskólaaldur | 0-15 ára | 91 | 19,4% |
| Framhaldsskólaaldur | 16-20 ára | 34 | 7,2% |
| Hefðbundinn starfsaldur | 21-66 ára | 262 | 55,9% |
| Eldri borgarar | 67 ár a og eldri | 82 | 17,5% |
| Mýrdalshreppur alls | | 469 | 100% |

Heimild: Hagstofa Íslands (2011)


Atvinna og landbúnaður

Í sveitarfélaginu hefur að jafnaði verið unnið rúmt ársverk fyrir hverja tvo íbúa. Atvinna í Mýrdalshrepp einkennist af litlum og sjálfstæðum vinnustöðum. Helstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru landbúnaður, ferðaþjónusta, iðnaður, verslun og þjónusta og opinber þjónusta.

Framtíðaratvinna mun að líkindum byggja mest á landbúnaði og þjónustu við ferðamenn. Önnur tækifæri til aukins vaxtar eru líklega mest í framleiðslugreinum. Iðnaðaruppbygging mun verða á grundvelli einhverra einkennandi þátta svæðisins, svo sem hrávöru úr héraði eða á grundvelli hugvits sem verður til á svæðinu.


Nýrækt er í korni og repju á svæðinu sem vert er að gefa gaum vegna þróunar nýrra viðskiptatækifæra.

Myndir iv og v sýna að sauðfjárbýlin fara minnkandi að umsvifum og fækkar lítillega en mjólkurframleiðsla hefur færst á færrni og afkastameiri býli.



Mynd iv: Fjöldi og stærð býla með sauðfjárbúskap 1998 og 2007

Heimild: Búnaðarsamband Suðurlands (Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025)



Mynd v: Fjöldi og mjólkurframleiðsla býla með nautgripi 1998 og 2007

Heimild: Búnaðarsamband Suðurlands (Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025)

Alls eru 37 bújarðir í ábúð í Mýrdalshreppi skv. aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025, sjá töflu ii.

Tafla ii: Bújarðir í ábúð í Mýrdalshreppi*

| Bújarðir | Ræktað land [ha] | Starfsemi í landbúnaði/landnotkun |
|--------------------|------------------|---|
| Ás | | Sauðfjárrækt. |
| Brekkur 1 | 51,1 | Blandaður búrekstur. |
| Brekkur 3 | 42,6 | Mjólkur- og kjötrframleiðsla. |
| Eystri-Sólheimar | 28,9 | Lítill búrekstur. |
| Fagridalur | 41,5 | Sauðfjárrækt. Lax- og silungsveiði, fiskeldi. |
| Garðakot | 18,9 | Lítill búrekstur. |
| Garðar | 20,8 | Blandaður búrekstur. |
| Giljur | 34,8 | Sauðfjárrækt, nokkrir nautgripir. |
| Hryggir | 25,8 | Blandaður búrekstur. |
| Hvoll I | 49,2 | Mjólkurframleiðsla, sauðfé. |
| Hvoll II | 47,3 | Blandaður búrekstur; sauðfé, rófur, hross. |
| Kerlingardalur I | 60,4 | Blandaður búrekstur. Lax- og silungsveiði. |
| Ketilsstaðir 2 | | Blandaður búrekstur. |
| Ketilsstaðir 3 | | Lítill búrekstur; sauðfé. |
| Kviaból | 1,0 | Lítill búrekstur. |
| Litla-Heiði | 65,1 | Sauðfjárrækt. Lax- og silungsveiði. |
| Lækjarbakki | 35,3 | Blandaður búrekstur. |
| Norður-Foss | 48,8 | Blandaður búrekstur. |
| Nykhóll | 59,1 | Sauðfjárrækt, hross. |
| Pétursey I | 22,8 | Blandaður búrekstur. |
| Pétursey II | 28,6 | Mjólkur- og kjötrframleiðsla, garðrækt. |
| Presthús II | 9,0 | Lítill búrekstur; sauðfé. |
| Rauðhals | 28,0 | Blandaður búrekstur. |
| Reynir | | Mjólkur- og kjötrframleiðsla, sauðfé. |
| Skagnes II | | Lítill búrekstur; sauðfé. |
| Skammidalur II | | Mjólkur- og kjötrframleiðsla, sauðfé. |
| Skeiðflöt | 32,2 | Lítill búrekstur. |
| Sólheimahjáleiga | 27,0 | Blandaður búrekstur. |
| Sólheimatunga | 15,0 | Lítill búrekstur; sauðfé. |
| Steig | 36,6 | Sauðfjárrækt, nokkrir nautgripir. |
| Stóra-Heiði | | Sauðfjárrækt. |
| Suður-Foss | | Blandaður búrekstur. |
| Ytri-Sólheimar 1 | 25,0 | Lítill búrekstur; sauðfé, hross. |
| Ytri-Sólheimar 2-4 | 25,6 | Blandaður búrekstur. |
| Ytri-Sólheimar 3 | 30,0 | Lítill búrekstur; sauðfé. |
| Vatnsskarðshólar | 30,2 | Mjólkur- og kjötrframleiðsla. |
| Vellir | 22,0 | Blandaður búrekstur, hross. |
| Þórisholt | | Blandaður búrekstur, rófur. |
| | | Alls 37 jarðir |

Tafla iii: Bújarðir án búrekstrar í Mýrdalshreppi*

| Bújarðir | Ræktað land [ha] | Starfsemi |
|------------------|------------------|--------------------------|
| Dyrhólar- Eystri | 28,2 | Íbúðarhús á lóð. |
| Eyjarhólar | 35,1 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Framnes | 15,0 | Lítill búrekstur, hross. |
| Höfðabrekka | 82,3 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Kaldrananes | 24,4 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Ketilsstaðir la | 28,9 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Kerlingardalur 2 | 8,3 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Litli-Hvammur I | | Íbúðarhús á lóð. |
| Litli-Hvammur II | | Íbúðarhús á lóð. |
| Norður-Götur | 11,6 | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Presthús I | 23,8 | Íbúðarhús á lóð. |
| Skagnes I | | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| Skammidalur I | | Í ábúð. Ekki búrekstur. |
| | | Alls 14 jarðir |

Í heildina eru 88 bújarðir í Mýrdalshreppi og þar af eru um 42 nýttar í landbúnað að staðaldri m.v. talningu árið 2007.

Tafla iv: Eyðibýli í Mýrdalshreppi*

| Jarðir | Landnotkun | Jarðir | Landnotkun |
|------------------|-----------------|-------------------|------------|
| Álftagróf | Fristundabyggð | Norður-Vík | Nytjuð |
| Bólstaður | | Presthús I | |
| Breiðahlíð | | Reynisbrekka | |
| Dyrhólahjáleiga | Nytjuð | Reynisdalur | |
| Dyrhólar- Vestri | Nytjuð | Reynishjáleiga | |
| Engigarður | | Reynisholt I | |
| Fell | Fristundabyggð | Reynisholt II-III | |
| Fjós | | Reynisholt IV | |
| Harðivöllur | | Reynisholt V | |
| Hellur I | Nytjuð | Reynishólar | |
| Hellur II | Nytjuð | Skammadalshóll | Nytjuð |
| Hjörleifshöfði | Í eyði frá 1936 | Rof | Nytjuð |
| Holt | | Rofhagi | |
| Keldudalur | Fristundabyggð | Stóri-Dalur | |
| Litlu-Hólar | | Suður-Götur | |
| Loftsalir | | Suður-Hvammur | |
| Neðri-Dalur | Fristundahús | Suður-Vík | |
| Norðurgarður | | Teigagerði | |
| Norður-Hvammur | Hús á jörð | | |
| | | Alls 37 jarðir | |

*Heimild: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025, bls. 62-63


Veðurfar

Í Mýrdalshreppi fara veðurathuganir fram í Vík og á Vatnskarðshólum. Reglulegar veðurathuganir hafa farið fram í Mýrdalshreppi frá árinu 1925 í Vík og 1978 á Vatnsskarðshólum. Í september 2007 var veðurfarsstöðinni í Vík í Mýrdal breytt í skeyststöð. Vegagerðin hefur rekið sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalssandi frá 1995 og á Reynisfjalli frá árinu 2009. Hér á eftir er greint frá veðurfarstölum á árabílinu 2002-2010.

Hiti. Meðalhitastig í Mýrdalshreppi á tímabilinu 2002-2010 er hærri en landsmeðalhiti mældur í byggð. Mánuðina nóvember til mars er munurinn meiri en 1°C (Mynd V). (Trausti Jónsson, 2011).


Úrkoma. Ársmeðalúrkoma í Mýrdalshreppi er 2.245 mm og er töluvert meiri en landsmeðalúrkoma sem er 1.169 mm. Áberandi er hvað apríl í Mýrdal er úrkomusamari en landsmeðaltal, sem og haust- og vetrarmánuðir (Trausti Jónsson, 2011).

Vindur. Á Vatnsskarðshólum á tímabilinu 2003-2010 eru vindar úr norðaustri til austurs tíðastir og hvassastir, en vestanátt er einnig tiltölulega tíð og hvöss (Mynd ix). Í Vík í Mýrdal eru vindar úr norðaustri til austurs tíðastir, en norðvestanátt er einnig algeng. Mesti vindhraði mælist að jafnaði í austnorðvestanátt (Mynd vii) (Veðurstofa Íslands, 2011).




Mynd vi: Meðalhitastig í Mýrdalshreppi 2002-2012

Heimild: Veðurstofa Íslands (2011)




Mynd vii: Meðalúrkoma í Mýrdalshreppi 2002-2010

Heimild: Veðurstofa Íslands (2011)



Mynd viii: Tíðni og styrkur vindáttá í Vík 2002-2010

Heimild: Veðurstofa Íslands (2011)



Mynd ix: Tíðni og styrkur vindáttá á Vatnsskarðshólum 2002-2010

Heimild: Veðurstofa Íslands (2011)



Viðfangsefni skipulagsins

Leiðarljós aðalskipulagsvinnu Mýrdalshrepps

- Stefnt er að eflingu Mýrdalshrepps, með því að styrkja og efla núverandi byggð og atvinnu. Áhersla verður lögð á að framtíðarþróun byggji á sérstöðu sveitarfélagsins og þeirri þekkingu sem er til staðar.
- Stefnt er að því að Mýrdalshreppur sé búsetuvænt samfélag með því að tryggja grunnþjónustu fyrir íbúa, samgöngur, öryggi, atvinnu og aðgengi að margbrotinni náttúru sveitarfélagsins. Þá skal stuðlað að fjölbreyttu og vönduðu umhverfi til búsetu og útivistar.
- Öflugt atvinnulíf skal byggja á þeim auðlindum sem bjóðast í sveitarfélaginu og að nýting þeirra verði sem best. Á það við um landbúnaðarland, sérstaka náttúru, ferðaþjónustu og mannauð.
- Gert er ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi á skipulagstímabilinu.

Mýrdalshreppur hefur lagt fram leiðarljós og áherslur einstakra viðfangsefna skipulagsvinnunnar, sem koma fram í hverjum kafla fyrir. Í vaxtarsamningi 2006 kemur fram góð lýsing á þeim aðstæðum sem eru í Mýrdalshreppi og er grunnur að helstu áherslum og viðfangsefnum aðalskipulagsáætlunarinnar:

- Stöðugt hallar á fámennari og veikari sveitarfélögin í samkeppninni. Með auknum hreyfanleika fólks innanlands sem á milli landa standa fámenn sveitarfélög frammi fyrir aukinni samkeppni við stærri sveitarfélög sem hafa upp á fjölbreyttari þjónustu að bjóða. (Vaxtarsamningur 2006, bls. 45)
- Mannlíf og atvinnulíf í fámennari samfélögum getur skort nauðsynlega fjölbreytni. Þetta getur lýst sér í bjagaðri aldurs- og kynjasamsetningu, þar sem vantað getur ungt fólk á barneignaraldri. Með brottflutningi ungs fólks verður aldurssamsetning sífellt óhagstæðari, meðalaldur íbúanna hækkar og möguleikar á fjölgun minnka þegar fólki á barneignaraldri fækkar stöðugt. Þróun af þessu tagi hefur átt sér stað víða í dreifbýli og haft slæm áhrif, sérstaklega þegar horft er til þess að þessi aldurshópur hefur að jafnaði verið að mennta sig. Fábreytni hefur áhrif á það hvernig fólk upplifir möguleika á tækifærum til framtíðar.
- Helstu sóknarfærin í atvinnumálum landsbyggðarinnar tengjast oft landbúnaði eða ýmis konar þjónustu fyrir ferðamenn. Afar mikilvægt er því að efla þekkingartengda starfsemi með því efla háskóla- og rannsóknarstarfsemi og tengsl þessara þátta við atvinnulíf.)

- Helsta ógn í fámennari og einangraðri sveitarfélögum er sú ójafna samkeppni sem birtist í lakari samfélagslegum aðstæðum, fábreytni atvinnulífsins, minna menntunar- og menningarframboði og lífskjörum almennt, auk lakari þjónustu - en almennt er hægt að fá í fjölmennari sveitarfélögum, bæjum og borgum.
- Á Suðurlandi eru helstu náttúruperlur landsins og flestir fjölsóttustu ferðamannastaðirnir, það gefur sóknarfæri í gegnum alls konar þjónustu við ferðamenn. Sumarhúsa- eða frístundahúsabyggð er stærri á Suðurlandi en annars staðar auk þess sem viðvera fólks þar lengist og er farin að dreifast yfir allt árið.
- Suðurland er langstærsta landbúnaðarsvæði landsins, náttúrugæði mikil og veðurfar með því hagstæðasta sem gerist hér á landi. Hagræðing í hefðbundnum landbúnaði, þróun og nýsköpun í frumvinnslu og úrvinnslu, ásamt öflugum starfi háskóla, rannsóknastofnana, fræðistarfi og þekkingaruppbyggingu í nánú samstarfi við atvinnulíf getur gefið ýmsa möguleika. Helstu tækifærin til frekari vaxtar fyrir Suðurland byggja m.a. á bættum starfsskilyrðum s.s. bættum samgöngum, öruggari og hraðari samgöngum, með vegabótum, betri farartækjum, hraðri þróun í rafrænum samskiptum s.s. fjölmiðlum og gagnaflutningi.
- Efla byggð og nýta tækifæri til atvinnusköpunar á svæðinu í tengslum við þjóðgarða og verndarsvæði. Að fjölga erlendum ferðamönnum á Íslandi og bjóða Íslendingum upp á bætt aðgengi að náttúru landsins.

1. AUÐLINDIR

Leiðarljós

Helstu auðlindir Mýrdalshrepps eru náttúran og sérstakt náttúrufar, ræktanlegt land, beitiland, veðurfarsleg staða, jöklar, jarðmyndanir, ströndin, fuglalíf, ár og vötn, vikur og mannauður.

Nýting og verndun auðlinda skal miða að því að efla Mýrdalshrepp. Stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir.

Við ákvörðun um nýtingu og verndun auðlinda skal líta til þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma. Samhliða þarf að marka skýrari stefnu um hvaða auðlindir skuli vernda að hluta eða í heild.

Mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðapróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í sérstöðu svæðisins

Markmið / Áherslur

- Að tryggja að nýting landsvæða verði sem best. Stefna skal að því að ekki verði gengið á landbúnaðarland og beitiland.
- Afmörkun vatnsverndarsvæða skulu endurskoðuð og mörkuð stefna um **vatnsauðlindina** og skilmála vegna mögulegrar nýtingar.
- Leita að heitu vatni í sveitarfélaginu.
- Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma lítið.
- Stuðlað verði að aukinni ræktun í ám og vötnum og lögð áhersla á sem bestan arð af veiðunum.
- Gera skal ráð fyrir vinnslu á vikri úr Kötlu.
- Sérstök náttúrusvæði verði kortlögð m.t.t. nýtingar fyrir ferðaþjónustu og verndar.
- Leggja fram skýra stefnu um verndun og nýtingu Dyrhólaeyjar og aðliggjandi svæða.
- Gerð verði áætlun um hverfisverndun fornleifa, söguminja og náttúruminja. Huga skal að verndun strandlengjunnar m.t.t. útivistar, ásýndar og lífríkis.
- Afmörkuð verði svæði sem grípa þarf til aðgerða til að draga úr eða koma í veg fyrir jarðvegsrof.

1.1. Forsendur

Í Mýrdalshreppi eru margar stórbrotnustu náttúruperlur landsins með fossum eldfjöllum, söndum og jöklum. Beljandi jökulfjót og víðáttumiklir sandar mynda mót vægi við grasi grónar heiðar og láglendi. Í norðri gnæfir Mýrdalsjökul í öllu sínu veldi. Fjöll og dalir eru gróðursæl, en **sumar heiðar eru rýrar og þar hefur verið gróður skemmst eftir gosið í Eyjafjallajökli árið 2010.**

Sem landbúnaðarhérað er sveitin kjörlendi til ræktunar þar sem gróðursæld og fjölbreytni í gróðri og fuglalífi er mikil enda er veðurfar milt á íslenska vísu, jafnt á sumri sem að vetri.

Af náttúruperlum auk Mýrdalsjökuls má nefna Dyrhólaey, Vikur- og Reynisfjöru, Reynisdrangar, Hjörleifshöfða, Kötlu, Heiðardalinn, Höfðabrekkuheiði, Höfðabrekkuafreitt, Þakgil og Gæsavatn.

Náttúran felur í sér tækifæri til útivistar, fræðslu, rannsókna og ferðamennsku. Hún er því bæði verðmæt á eigin forsendum og á forsendum lýðheilsu, menningar og atvinnusköpunar.

Landnotkunarflokkar í skipulaginu fyrir náttúruauðlindir eru:

- 1.2 Náttúruverndarsvæði
- 1.3 Vötn og sjór
- 1.4 Vatnsverndarsvæði
- 1.5 Landbúnaðarland
- 1.6 Skógrækt
- 1.7 Óbyggð svæði
- 1.8 Strandlengja
- 1.9 Efnistaka

1.2. Náttúruverndarsvæði

Til náttúruminja teljast annars vegar náttúruverndarsvæði og hins vegar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá. Undir náttúruverndarsvæði falla friðlýst svæði, svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Friðlýst svæði

Dyrhóley var friðlýst árið 1978 með auglýsingu nr. 101/1978 í B-deild Stjórnartíðinda. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins. Eyjan er 120 m hár höfði með þverhniptu standbergi í sjó vestan, en meira afliðandi að norðan. Mjór bergrani tengir eyjuna við land og í honum er gatið eða dyrnar sem stapinn ber nafn sitt af.

Afmörkun friðlýsingar eru:

Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglína 50 m frá brekku- eða bergrótum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Amardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

Skilmálar um friðlandið

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar]. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnytjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgæðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.
3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nytjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpri, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almennings er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. [Umhverfisstofnun] getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. Umhverfisstofnun getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Aðgerðir vegna Dyrhólaeyjar

- Gerður hefur verið samningur á milli Mýrdalshrepps og Umhverfisstofnunar um rekstur friðlandsins í Dyrhólaey. Í samræmi við þann samning mun Mýrdalshreppur vinna verndaráætlun fyrir Dyrhólaey í samvinnu við Umhverfisstofnun. Áætlað er að ljúka við gerð verndaráætlunar árið 2012.



Dyrhólaey. Ljósmynd: Þórir Kjartansson

Svæði á náttúruminjaskrá

Fjögur svæði í Mýrdalshreppi eru á náttúruminjaskrá. Þau eru skv. heimasíðu Umhverfisstofnunar (2011):

708 Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall. *Dyrhólaós* vegna sjávarleira, þær einu á Suðurlandi,¹ með sérstæðum lífsskilyrðum. *Loftsalahellir* vegna sögustaðar og sérstæðrar hellamyndunar. *Reynisdrangar* vegna fjölbreyttra

¹ Mýrdalshreppur telur að fleiri sjávarleirur séu á Suðurlandi m.a. í tengslum við þá fjölmörgu ósa sem eru á Suðurlandi.

stuðlabergsmyndana og hellisskúta og *Reynisfjall* vegna gróskumikilla hlíða. Mikið fuglalíf er við Dyrhólaós.

709 Skammadalskambar vegna fómra sæskelja og kuðungar í setbrotum á við og dreif um móbergið.

710 Vatnsdalur á Dalsheiði, vegna Ísaldarminja. Dalurinn er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil.

711 Eyjarhóll. Hólinn er stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna paldra (jarðsils).

Skilmálar á svæðum á náttúruminjaskrá

Samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal:


- Leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði svæðum á náttúruminjaskrá.

Náttúruverndaráætlun

Náttúruverndaráætlun fjallar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Snigillinn brekkubobbi (*Cepaea hortensis*) er ein þriggja dýrategunda sem eru á Náttúruverndaráætlun 2009-2013 (Alþingi 2010). Mikilvægt búsvæði brekkubobbans er í Reynisfjalli. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum á umræddu búsvæði þannig að því verður ekki raskað. Stór hluti umrædds svæðis er í miklum halla og þar er skilgreind hrúnhætta skv. hættumati Veðurstofu Íslands (2009). Áhrifasvæði gangamunna í Reynisfjalli mun þ.a.l. ekki ná yfir á búsvæði brekkubobba.



Ljósmynd: Þórir Kjartansson



Ljósmynd: Þórir Kjartansson

Svæði sem njóta sérstakrar verndar

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar. Allir tölulíðir greinarinnar eiga við í Mýrdalshreppi og eru þeir:

- eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- sjávarfitjar og leirur.

Í Mýrdal eru sjávarfitjar í Dyrhólaósi, 4 vötn sem falla undir ofangreind stærðarviðmið, sjá kafla 1.4, og víða eru óröskuð eða tiltölulega ósnortin votlendissvæði, sjá mynd 1.1.

Mýrdalshreppur hefur ákveðið að skilgreina tvö svæði þar sem unnið verði að endurheimt votlendis, m.a. vegna færslu Hringvegjar. Þessi svæði eru Rofamýri og Engigarðsmýri. Sveitarfélagið er landeigandi.

1.3. Vötn og sjór

Fjöldi vatnsfalla er í Mýrdalshreppi og 4 vötn, sem eru Dalsvatn, Gæsavatn, Heiðarvatn og Oddnýjartjörn. Vötnin njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þar sem þau eru stærri en 1.000 m². Vötnin eru mikilvæg fyrir lífríki og útivist í Mýrdalshreppi.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum mannvirkjum við vatnsföll, en heimilt er að reisa smávirkjanir allt að 200 kW að stærð. Littlar vatnsvirkjanir eru í Fagradal, Kerlingardal og í Þakgili.

Skipulagsmörk aðalskipulagsins eru 115 m út fyrir stórstraumsfjöru. Fyrir utan sjóvarnir við þéttbýlið í Vík er ekki gert ráð fyrir ákveðnum mannvirkjum við strandlengjuna eða í sjó. Vegna ágangs sjávar þarf að huga að landbroti og kann það að leiða til mannvirkjagerðar.

Jökulárnar eru vatnsmiklar. Í vestri er Jökulsá á Sólheimasandi og austanvert er Múlakvísl. Á milli þeirra renna Klifandi og Hafursá. Mikilvægt er að fylgjast með þróun þessara vatnsfalla og huga að aðgerðum til að verjast landbroti og ágangi jökulánna. Nokkrir varnargarðar hafa verið mótaðir í sveitarfélaginu og gerir

skipulagið ráð fyrir því að nýir eða stækkanir á varnargörðum kunni að verða mótaðir á skipulagstímabilinu.

Skilmálar fyrir vötn og sjó

- Ekki er heimilt að byggja nær vötnum, ám og sjá en 50 m. Óheimilt er að hindra leið fótgangandi meðfram þeim.
- Framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- Samkvæmt 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Skilmálar vegna varnargarða


- Varnir gegn landbroti eru heimilar þar sem landbrot ógnar nytjalöndum, mannvirkjum og gróðurlendum í samræmi við lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002 enda sé gætt að samráði við umráðahafa lands og eftir atvikum veiðifélag eða Fiskistofu. Landgræðsla ríkisins metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.

Skilmálar við smávirkjanir

- Heimilt er að byggja smávirkjun sem hafa uppsett rafafli sem er undir 200 kW. Við byggingu smávirkjana þarf að hafa í huga áhrif á vatnsfallið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásjýnd og lífríki.



Ljósmynd: Þórir Kjartansson



Mynd 1.1: Votlendissvæði
Stærstu óröskuðu votlendissvæðin
í Mýrdalshreppi

1.4. Vatnsverndarsvæði

Skilgreind eru 4 vatnsból í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Breyting er á afmörkun vatnsverndarsvæða frá fyrra skipulagi, þar sem vatnsvernd og brunnsvæði Dyrhólaveitu og ofan þéttbýlisins eru felld út. Ástæðan er að svæðin eru ekki í notkun og/eða ekki forsendur fyrir hendi að skilgreina það sem vatnsverndarsvæði. Ný borhola Dyrhólaveitu hefur verið skilgreind sunnan Dyrhóla. Vatnsbólin fjögur eru:

Víkurveita er skammt frá Þjóðvegi nr. 1, norðvestan byggðar. Afmarkað er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir veituna.

Reynishverfisveita: Tvö brunnsvæði eru skilgreind. Afmarkað er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir veituna.

Dyrhólhverfisveita: Vatnsveita fyrir Dyrhólhverfi og nágrenni. Vatn er tekið úr borholu á Eystri-Dyrhólum. Afmarkað er brunnsvæði. Heilbrigðisefirlit Suðurlands hefur verið með mælingar. Ekki liggur fyrir afmörkun á grann- og fjarsvæði.

Péturseyjarveita: Borhola fyrir alla bæi utan Eyjarhóla. Afmarkað er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir veituna.

Að öðru leyti eru bújarðir með einkavatnsból í Mýrdalshreppi.

Skilmálar vatnsverndar

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Grannsvæði. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

1.5. Landbúnaðarsvæði

Jarðvegur á landbúnaðarsvæðum flokkast í flestum tilvikum undir móa- og mýrarjarðveg og er yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar og er frjósamur. Gerð er grein fyrir landnotkun og –nýtingu landbúnaðarsvæða í kafla 2.6.

Landbúnaðarsvæði eru mikilvæg auðlind í Mýrdalshreppi, fyrir matvælaframleiðslu, atvinnu og sjálfbæra nýtingu. Það er stefna aðalskipulagsins að ganga ekki á ræktanlegt land á skipulagstímabilinu.

Í samræmi við staðardagskrá 21 er lagt til að bæta við landbúnaðarsvæðum í sveitarfélaginu með því að kanna nýtingarmöguleika á Mýrdalssandi, til ræktunar, þá til matvælaframleiðslu, ölgerðar og orkuframleiðslu (Mýrdalshreppur, 2009).



Ljósmynd: Helga Viðarsdóttir

Ræktanlegt land er land sem hægt er að nýta til ræktunar í landbúnaði. Wikipedia (2011)

Ræktað land: Garðar og tún og akrar, þ.e. land sem hefur verið ræktað með jarðvinnslu, sáningu og reglulegri áburðargjöf, land í skógrækt eða land sem hvorki hefur þarfnast jarðvinnslu né sáningar til að verða slægjuland en er það vegna áburðargjafar og er notað sem slíkt.



Mýrdalsjökull

Mýrdalsjökull er fjórði stærsti og jafnframt syðsti jökull á Íslandi. Jökullinn hvílir í stærstu eldfjallaöskju landsins, Kötluöskjuni 110 km². Meðalþykkt Mýrdalsjökuls er um 250 metrar en sum staðar er isinn allt að 700-800 metra djúpur. Yfirborð jökulsins er um 600 km², í allt eru þetta 130 km³ af ís.

Goðabunga er hæsti hluti jökulsins 1.505 metrar og Hábunga fylgir á eftir 1.497 metrar, en þetta eru snjódyngjur og hæðin getur verið mjög breytileg, jafnvel frá ári til árs.

Stefnt skal að því að gerðar verði landnýtingaráætlanir á öllum bújörðum til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og til að hámarka nýtingu landskosta.

Skilmálar á landbúnaðarsvæðum

- Ekki er heimilt að skerða landbúnaðarsvæði nema með leyfi sveitarstjórnar. Við ákvörðun mun sveitarstjórn líta til: gæða og framboðs landbúnaðarlands og áhrifa á nýtingu aðliggjandi svæða.

1.6. Skógrækt

Í aðalskipulaginu eru ekki skilgreind sérstök skógræktarsvæði. Á tveimur bújörðum hefur verið gerður samningur við Suðurlandsskóga, þ.e. á jörðinni Neðri-Dal og Steig.

Skilmálar vegna skógræktar

- Tekið skal tillit til verndarsvæða, s.s. náttúruverndar, menningarminjar og vatnverndar.
- Við skógrækt nálægt sjó, vötnum og straumvötnum skal þess gætt að almennur umferðarréttur sé virtur. Sérstaklega sé haft í huga að samspil skógar, lands og vatns njóti sín. Miðað sé við að skógrækt gangi ekki svo nærri bökkum straumvatna að hætta sé á að þau rífi tré með sér í vatnavöxtum. Þar sé einnig göngufært, sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Fjarlægð skógræktar frá vegum sé í samræmi vegalög. Óheimilt er að rækta skóg nær vegi en 30 m frá miðlínu Hringveggar og 15 m frá miðlínu tengivega.
- Skógrækt er óheimil nær fornminjum en 20 m.
- Fjarlægð skógræktar frá veitulögnum skal minnst vera 25 m.
- Plöntuval og útplöntun taki mið af náttúrufari og landslagi.
- Ef fram koma áætlanir um skógrækt á 200 ha svæði eða stærra þarf að breyta aðalskipulagi og skilgreina þar skógræktarsvæði og skilmála. Einnig ber að tilkynna slíka áætlanir til Skipulagsstofnunar sbr. II. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir þess konar skógrækt til Mýrdalshrepps.
- Taka skal tillit til 36. gr. laga nr. 44/1999, sem segir að við túnrækt, skógrækt, uppgæðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

1.7. Óbyggð svæði

Allt land ofan 300 m y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði í Mýrdalshreppi. Mjög stór hluti sveitarfélagsins fellur undir þessa skilgreiningu. Þessi svæði eru mikilvæg fyrir ásýnd og upplifun í sveitarfélaginu, þar sem þau taka til mikilvægra sérkenna þess

s.s. Mýrdalsjökuls, Höfðabrekkuafréttu, Klofnings og Hafurseyjar. Um þau eða nærri þeim liggja göngu- og/eða reiðstígar. Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum, nema að sérstaklega sé getið um slíkt í skipulagi s.s. efnistaka, miðstöðvar fyrir ferðaþjónustu, rafínur, vegir og stígar. Svæði upp til heiða og jökla er kallað óbyggt svæði, enda þótt það sé að hluta mikilvægt beitarland og tengist á þann hátt landbúnaði.

Mýrdalsjökull ber við himinn með bogadregnum línun þar sem hann er hæstur, 1.505 m y.s., en með gínandi jökulsprungum og úfnum skriðjöklatungum neðar. Með nálægð sinni við byggð veitir jökullinn sveitinni gott skjól undan norðanáttum. Eldstöðin Katla er í jöklinum og út úr Mýrdalsjökli gengur Kötlujökull til suðausturs. Eldstöðin Katla er hluti af stærra eldstöðvakerfi sem er um 80 km langt og 30 km breitt, þar sem það er breiðast. Eldstöðvakerfið nær allt norður fyrir Eldgjá.

Meðfram Mýrdalsjökli liggur mikill heiðarfláki, sem teygir sig misjafnlega langt suður að byggð. Þar eru beitarlönd bænda og skiptast þar á há fjöll og fell og mikil hamragljúfur.



Mælifell. Ljósmynd: Jónas Erlendsson

1.8. Strandlengja

Í Mýrdalshreppi er 63 km löng strandlengja. Ströndin er að mestu lág, hafnlaus, slétt sandströnd. Árósar einkenna svæðið. Dyrhólaey, sem er syðsti oddi landsins, og Reynisfjall skaga í sjó fram, ströndin þar á milli, Reynisfjara og Víkurfjara hafa mikið aðdráttaraf til náttúruskoðunar. Reynisfjara er á Náttúruminjaskrá (708).

Fjörur koma að notum á margan hátt, beint eða óbeint. Þær gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands. Fjörur eru á margan hátt hentugar sem útivistarsvæði. Lífríkið í fjörunni leggst ekki í dá að vetrinum að sama skapi og gerist uppi á landi, og jafnvel um hávetrartímam er mikið um að vera þar (Agnar Ingólfsson, 1985). Fjörur í Mýrdalshreppi eru sandfjörur og gróðursnauðar.



Víkurfjara. Ljósmynd: Þórir Kjartansson

Strandlengjan er einnig uppspretta fyrir efnisnáma, þar sem náttúruöflin sjá um áframhaldandi framboð efnis. Það er almenn stefna í aðalskipulaginu að reisa ekki mannvirki á ströndinni, til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki. Hins vegar er nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir vegna landbrots við þéttbýlið í Vík, og þess vegna er nauðsynlegt að raska afmörkuðum hluta strandlengjunnar. Einnig er heimild til efnisnáms á strandlengjunni, en á afmörkuðum svæðum (sjá kafla 1.9 um efnistöku og 5.7 um sjóvarnargarða).

Siglingastofnun hefur mælt ströndina við Víkurfjöru og sýna mælingar glögg þau áhrif náttúruaflla sem við er að etja og nauðsyn þess að ráðast í aðgerðir á ströndinni til að verja land og byggð.

1.9. Efnistaka

Í skipulagsreglugerð eru efnistökusvæði skilgreind sem „þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikunám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum.“

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag hennar. Sérstaða Mýrdalshrepps hvað varðar efnisnáma er uppspretta efnis vegna efnisflutnings sjávar annars vegar og jökulfljóta hins vegar. Auðlindin er því að ákveðnu marki endurnýjanleg.

Efnisþörf í Mýrdalshreppi verður sveiflukennd milli ára og háð þeim framkvæmdum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu. Helst verður efni notað til vegagerðar þ.m.t. færslur Hringveggar, uppbyggingar atvinnu- og íbúðarhúsnæðis, sjóvarnargarða og minni nota hér og þar í sveitarfélaginu. Stórtækt efnisnáma verður ef áætlanir um vinnslu og/eða útflutning á vikri ganga eftir.

Í aðalskipulagi eru afmarkaðir 19 efnistökuastaðir (E) og er heimild til efnisnáms mismikil, þótt í flestum tilvikum sé hún undir 25.000 m³ (tafla 1.1). Efnistökusvæðin eru flest á láglandi og tengjast í flestum tilvikum jökulám og annarra fallvatna. Viðmiðunarmörk um tilkynningarskyldu framkvæmda vegna laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru 50.000 m³ og/eða stærð námu sé stærri en 25.000 m². Langflestar námur í sveitarfélaginu eru undir þessum mörkum.

Tvær námur eru á stærðarbilinu 25.000-100.000 rúmmetrar (E12 og E13). Breyting er gerð á stærðarmörkum námu við Eystri-Sólheima (E19). Er heimild til efnistöku sett í V. flokk, þ.e. stærri en 150.000 m³ (tafla 1.1). Forsenda þess er að um mjög góða bergnámu er að ræða, sem unnt er að vinna betur án þess að auka verulega á stærð raskaðs svæðis. Einnig er gert ráð fyrir að lagersvæði, eða haugsvæði, fyrir námuna á afmörkuðu svæði við Eystri-Sólheima (E19b), sem er 4 ha að stærð.

Ein náma er mjög stór, þ.e. vikunáman á Mýrdalssandi (E17). Þar er gert ráð fyrir efnistöku á allt að 200.000 m³ á ári. Skipulagsstofnun hefur fallist á framkvæmdina skv. úrskurði, dags. 26.8.2002, um mat á umhverfisáhrifum. Nýting vikurs er hluti af stefnumótun Staðardagskrár 21 (Mýrdalshreppur, 2009).

Stefnt skal að því að nýta allt efni sem fellur til við jarðgangagerð t.d. í vegagerð og styrkingu flóðvarnargarða. Ef nauðsynlegt verður að haugsetja efni verður það sitt

hvoru megin gangamunna og er um tímabundna ráðstöfun að ræða. Haugsetning skal vera utan verndarsvæða.

Skilmálar vegna efnisnáms

- Námur sem ráðgert er að taka meira en 25.000 m³ eru háðar framkvæmdaleyfi Mýrdalshrepps skv. skipulagslögum nr. 123/2010, nýtingarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Námur sem eru stærri en 25.000 m² eða ráðgert er að taka meira en 50.000 m³ falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður um matsskyldu framkvæmda. Þessar námar falla einnig undir lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur.
- Námur sem eru stærri en 50.000 m² eða ráðgert er að taka meira en 150.000 m³ falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru matskyldar. Þessar námar falla einnig undir lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur.
- Vikurnám á Mýrdalssandi (E17) fellur auk þess undir reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikur.
- Heimilt er að haugsetja efni sitthvoru megin gangamunna, ef ekki er unnt að nýta efnið strax. Ekki er um varanlega heimild að ræða. Haugsetning verður að vera utan verndarsvæða.



Ljósmynd: Þórir Kjartansson

Tafla 1.1 Efnistökusvæði í Mýrdalshreppi

| Efnistökusvæði | Stærð* | Gerð |
|----------------------------|--------|---------------|
| E1 Víkurfjara | II | Sandur og mól |
| E2 Við efri brú á Klifanda | I | Setnáma |
| E3 Gatnabrún | I | Setnáma |
| E4 Hafursey I | I | Setnáma |
| E5 Hvammsá | I | Setnáma |
| E6 Litlu-Heiðargryfja II | I | Setnáma |
| E7 Aurgata | I | Setnáma |
| E8 Háfell | II | Setnáma |
| E9 Holtsgil | II | Bergnáma |
| E10 Hólsá | I | Setnáma |
| E11 Kerlingardalsá | II | Setnáma |
| E12 Klifandi | III | Setnáma |
| E13 Múlakvísl | III | Setnáma |
| E14 Selgilsgrýfja | I | Setnáma |
| E15 Steigaraurar | I | Setnáma |
| E16 Sólheimasandur | I | Sandnáma |
| E17 Mýrdalssandur | V | Vikurnáma |
| E18 Háfell | II | Bergnáma |
| E19 Eystri-Sólheimar | V | Bergnáma |
| E19b Eystri-Sólheimar | 4 ha | Haugsvæði |

* Stærðir miðast við heildarefnisvinnslu námu.

(I): Mjög lítil náma minni en 10.000 rúmmetrar.

(II): Lítil náma; 10.000 til 25.000 rúmmetrar.

(III): Meðalstór náma; 25.000-100.000 rúmmetrar.

(IV): Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.

(V): Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar

1.10. Hverfisvernd náttúruminja

Aðalskipulagið setur hverfisvernd vegna náttúruminja á eftirfarandi hella í sveitarfélaginu: Miðfellselli, Stórhelli, Selhellrar, Selhelli. Megin forsenda hverfisverndunar er að hellarnir eru hluti af landslagi og sérstæðu náttúruferi sveitarfélagsins, sem rétt er að vernda vegna gildis þeirra sem náttúruferibæris og áhugaverða staði fyrir útivist og ferðamenn.

Miðfellsellir, Höfðabrekkuafrétti (HV11)

Austan og neðan í Miðfelli. Þar eru gamlar bergristur. „Hann er hér um bil 20 faðmar ummáls. Hafa safnsmenn á haustum legið í hönum og klappað nöfn sín mörg í bergið. Er sagt, að þrír eða fjórir rúnastafir séu þar, og mun vera mannsnafn í rúnum skammstafað. Um dyrnar verður að smjúga. Þær vita móti austurlandsuðri.” (Skaftafellssýsla, sýslu- og sóknarlýsingar 1839-1873, bls. 236).

Stórhellir, Kerlingardal (HV12)

„Í Lambaskörðum í Kerlingardalsheiði er hellir sem nefnist Stórhellir. Hann er mjög athyglisverð náttúrusmið, talinn myndaður á þann hátt að ísjaki hafi lent þar undir blautu gjóskulagi og ekki bráðnað fyrr en gjóskuhaugurinn var orðinn það þéttur í sér að þakið hélst uppi þótt jakinn héldi því ekki lengur uppi.” (Skp. bls.337).

Selhellir, Vatnsársundum (HV13)

„Selhellrar Reynishverfinga, er liggja sunnan Vatnsár norðan í Arnarstakksheiði, eru ekki klappaðir. Þeir eru í lögun líkir innyflum úr sauðkind og kallast því: *Vinstur, Laki Keppur, Vömb og Langi*. (Sk. sýslu- og sóknarl. bls. 235).

Selhellir í Ystheiði, Ytri-Sólheimum (HV14)

Á Selheiði, austur af Seltorfu, er stór hellir, sem notaður mun hafa verið sem sel, er þarna var selstaða.

Skilmálar hverfisverndar

- Hellarnir og nánasta umhverfi þeirra njóta verndar. Óheimilt er að raska þeim.
- Ef ráðgerðar eru framkvæmdir í nágrenni hverfisverndarsvæðanna skulu þær deiliskipulagðar.

1.11. Helstu breytingar

- Feld eru út vatnsverndarsvæði sem náði frá Dyrhólum og yfir Geitafjall og svæði norðan byggðarinnar í Vík. Afmarkað er nýtt brunnsvæði suðvestan við Dyrhóla.
- Heimild til efnistöku úr bergnámu við Eystri-Sólheima er aukinn úr 25.000-100.000 m³ í meira en 150.000 m³.
- Skilgreint er lagersvæði eða haugsvæði fyrir námu í Eystri-Sólheimum. Svæðið er skilgreint sem E19b.
- Skilgreindir skilmálar fyrir landbúnaðarland, þ.e. ræktanlegt land og ræktað land.
- Afmörkuð 4 hverfisverndarsvæði um hella í sveitarfélaginu.

2. ATVINNA

Leiðarljós

Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna. Öflugt atvinnulíf skal byggt á auðlindum og mannaúdi í sveitarfélaginu. Megin styrkleiki Mýrdalshrepps í atvinnumálum liggur í landbúnaði og ferðaþjónustu. Leggja skal áherslu á þróun og aðbúnað þessara atvinnugreina. Fjölga skal atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.

Markmið / Áherslur

- Efla ber landbúnað og treysta búsetu og búrekstur á jörðum. Áhersla skal lögð á mikilvægi hefðbundinna búgreina sem Mýrdælingar kunna best, þ.e. sauðfjárræktar, mjólkurframleiðslu, garðyrkju og hlunnindanytja.
- Stöðugt verði leitað úrræða til aukinnar fjölbreytni og styrkari landbúnaði.
- Stuðla að náttúru- og menningartengdri ferðaþjónustu. Áhugaverð svæði verði kortlögð m.t.t. nýtingar fyrir ferðaþjónustu, aðgengis, þolmarka og þeirra aðstöðu sem þarf að skapa.
- Ný atvinnusvæði, verslun og þjónusta, athafna- og iðnaðarsvæði, verði innan þéttbýlisins. Stefnt er að því að gera svæði almennrar þjónustu og verslunar aðlaðandi á skipulagstímabilinu.
- Áhersla verði lögð á uppbyggingu Kötluaseturs, sem miðstöðvar menningarmála, náttúruvísinda og ferðamála í Mýrdal.
- Áhersla á uppbyggingu vegna Kötlu jarðvangs í samvinnu við nágrennasveitarfélög.
- Stuðla og skilgreina tækifæri til fjölgunar starfa í sveitarfélaginu. Fjölga þarf störfum í opinberri þjónustu í sveitarfélaginu. Nýta þau tækifæri sem skapast með Kötlu jarðvangi í samstarfi við önnur sveitarfélög.
- Tryggja afkastagetu innviða fyrir atvinnusvæði, þ.e. flutningskerfi orku, vatns og fráveitu, samgöngur, og sérhæft vinnuafli.
- Kanna skal möguleika til fiskeldis.

2.1. Forsendur

Í framreikningi á störfum eða ársverkum er reiknað með að hlutfall starfa/íbúa verði 0,5. Til að íbúafjöldi geti orðið um 500 í lok 2028 þarf að varðveita störfin sem fyrir eru og skapa 15-20 ný störf á skipulagstímabilinu.

Ef lítið er á einstakar atvinnugreinar má ætla að aukningin verði fyrst og fremst í ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta af ýmsum toga er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi og hefur uppbygging greininni í Mýrdalshreppi verið mikil hin síðustu ár. Mikill

straumur ferðamanna fer um og hefur fjöldi starfa við ferðaþjónustuna vaxið í samræmi við fjölda ferðamanna og aukna uppbyggingu.

Samkvæmt mati Bygðastofnunar á ástandi og horfum, leggja Sunnlendingar áherslu á ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar, eins og flestir aðrir. Öflug ferðaþjónusta og mikill straumur ferðamanna einkennir Suðurland. Sérstaða og tækifæri Mýrdalshrepps hvað varðar ferðaþjónustu tengist náttúrunni og nálægð við óbyggðirnar (Bygðastofnun, 2009).

Samkvæmt skýrslu Gísla Sverris Árnasonar um Kötluasetur og erlenda ferðamenn, voru um 200.000 gistinætur árið 2009 á svæðinu sem afmarkað er fyrir Kötlu jarðvang og alls komu 250.000 gestir við í Vík (Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, 2011). Heildarfjöldi gistirýma sem boðið er uppá í Mýrdalshreppi eru 750 árið 2011 og hefur fjölgað talsvert á undanförmum árum.

Allt frá landnámi og fram í síðustu áratugi nýliðinnar aldar var landbúnaður afgerandi mikilvægust atvinnugreina í Mýrdalshreppi. Yfirleitt eru jarðir í Mýrdalshreppi heldur minni en gerist á Íslandi og þess vegna er sveitin óvenju þéttbyggð og bændur hafa nýtt ræktanlegt land svo vel sem kostur er á. Að undanförmum hefur hefðbundinn landbúnaður hefur verið fremur á undanhaldi, störfum hefur fækkað og framleiðsla dregist nokkuð saman.

Framleiðslufyrirtæki eru nokkur í Vík, en öll eru þau fremur smá í sniðum. Í Vík er enn blönduð atvinnustarfsemi, hún hefur breyst nokkuð á seinustu árum. Verslun hefur dregist saman. Sláturhús eru aflögð og komin iðnaðar- og þjónustustarfsemi í staðinn. Héraðsstöð Vegagerðarinnar er í Vík, en aðalstöðvar á svæðinu eru á Selfossi. Í einhverjum mæli sækir fólk vinnu utan sveitarfélagsins. Eins og víða gildir á Íslandi er stór hluti sem flyst úr sveitarfélaginu fólk sem sótt hefur framhaldsmenntun. Þetta stafar af því að vinnumarkaðurinn á viðkomandi stöðum býður ekki upp á nægilega valkosti og atvinnutækifæri. Því er það stefna, sem er m.a. í staðardagskrá 21, að fjölga störfum fyrir háskólamenntaða einstaklinga á svæðinu. Það verði samstarfsverkefni sveitarfélags, ríkisins og atvinnurekenda.

Landnotkunarflokkar í skipulaginu fyrir atvinnu eru:

- 2.2 Athafnasvæði
- 2.3 Iðnaðarsvæði
- 2.4 Verslunar- og þjónustusvæði
- 2.5 Miðsvæði
- 2.6 Landbúnaðarsvæði

2.2. Athafnasvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á athafnasvæðum „*fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsvæði.*“

Skilgreind athafnasvæði í Mýrdalshreppi eru innan þéttbýlisins. Alls eru 2 svæði skilgreind sem athafnasvæði (A). Svæði (A1) austan við Víkurskála, sem er stækkað og (A2) við Suðurvíkurveg. Athafnasvæði norðan við Hringveg er fellt út. Í stað þess mun athafnasvæði stækka austan Víkurskála. Megin ástæðan er að halda ásýnd svæðisins norðan við Þjóðveg.

Tafla 2.1: Athafnasvæði í Mýrdalshreppi

| Athafnasvæði | Stærð [ha] | N | Núverandi byggingar í m ² | Leyfilegt byggingarmagn í m ² |
|----------------------|------------|-----|--------------------------------------|--|
| A1 Við Víkurskála | 1,65 | 0,4 | 600 | 6.600 |
| A2 Við Suðurvíkurveg | 0,5 | 0,4 | | 2.000 |
| Alls | 2,15 | | 600 | 8.600 |

N: nýtingarhlutfall

Breyting er á skilgreiningu landnotkunar frá fyrra skipulagi. Á suðvesturhluta þéttbýlisins er skilgreind blönduð landnotkun íbúðarbyggðar, athafnasvæðis og verslunar og þjónustu. Ástæða breytingar er að mikil blöndun er á þessu svæði og erfitt að afmarka litla og landnotkunarreiti. Ekki er skilgreind sérstök athafnasvæði við Víkur-, Sunnu- og Mánabraut, sem er nú þegar að nokkru byggt.

Beina skal nýrri athafnastarfsemi á svæði A1 og A2.

Skilmálar fyrir athafnasvæði

- Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.
- Ekki er leyfð íbúðarbyggð á athafnasvæðum.
- Hluti athafnasvæðis í blöndun byggðar skal vera víkjandi, þ.a. að ekki er gert ráð fyrir að byggja nýtt húsnæði fyrir athafnastarfsemi á svæðinu.

- Almenn skal miða við að byggingar verði einlyftar og verði ekki hærr en 7 m frá gólfkóta, til þess að falla að núverandi byggðamynstri í Vík.

2.3. Iðnaðarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á iðnaðarsvæðum „*fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.*“

Tvö iðnaðarsvæði eru skilgreind á Mýrdalshreppi og eru þau í þéttbýlinu. Iðnaðarsvæði (I1) á sandinum sunnan Þjóðveggar í austurjaðri þéttbýlisins í Vík. Svæðið er stækkað til austurs. Nýtt iðnaðarsvæði (I2) verður sunnan Þjóðveggar og austan við I1 og er það breyting frá fyrra skipulagi. Megin ástæðan er að halda ásýnd svæðisins norðan við Þjóðveg og því er um færslu á landnotkun að ræða, þ.e. ekki er verið að taka aukið land undir iðnaðarstarfsemi. Sveitarstjórn telur mikilvægt að í sveitarfélaginu séu til atvinnulóðir, m.a. vegna þróunar núverandi starfsemi og ef ný starfsemi kemur s.s. vegna vikurnáms.

Tafla 2.2: Iðnaðarsvæði í Mýrdalshreppi

| Iðnaðarsvæði* | Stærð [ha] | N | Núverandi byggingar í m ² | Leyfilegt byggingarmagn í m ² |
|-----------------------|------------|-----|--------------------------------------|--|
| I1 Sunnan Hringveggar | 4,0 | 0,3 | 2.420 | 12.000 |
| I2 Sunnan Hringveggar | 3,5 | 0,3 | 700 | 14.500 |
| Alls | 7,5 | | 2.420 | 26.500 |

N: nýtingarhlutfall

Skilmálar fyrir iðnaðarsvæði

- Í deiliskipulagi er leyfilegt að auka eða minnka nýtingarhlutfall á einstökum lóðum, svo framarlega sem heildarbyggingarmagn svæðis sé í samræmi við það sem fram kemur í aðalskipulagi.
- Ekki er leyfð íbúðarbyggð á iðnaðarsvæðum.
- Uppbygging á austasta hluta I1 og öllu I2 þarf að gerast í samráði við Siglingastofnun, þar sem hún er innan línu sem sýnir takmörkun bygginga (sjá þéttbýlisupprátt). Uppbygging á austasta hluta þessara svæða er leyfð þegar búð er að lengja flóðvarnargarðinn til austurs að Kötluarði, sjá kafla 5.7 um

European Geoparks Network

Markmið European Geoparks Network er að koma jarðminjum á framfæri, vernda þær og stuðla að sjálfbærri efnahagslegri þróun innan garðanna með því meðal annars að þróa jarðferðamennsku (Geotourism).

Jarðvangur

Svæði sem inniheldur merkilegar jarðminjar og býður upp á aðgang að því.

Áhugavert svæði vegna t.d. vísindarannsókna, fræðslugildis, fjölbreytileika, út frá fagurfræðilegu sjónarmiði eða vegna sjaldgæfra jarðminja.

Auk þess eru staðir innan svæðisins sem tengjast fomalífum, sagnfræði, menningu, vistfræði og lífríki.

Skýr stefna um sjálfbæra þróun

Bæta viðhorf og þekkingu fólks á jarðminjum, byggja upp jarðferðamennsku (geotourism) og styðja þannig við efnahagslega framþróun svæðis.

sjóvarnir. Einnig þarf að leggja mat á það hvort slíkar varnir séu fullnægjandi til að vernda byggð á nýjum iðnaðarsvæðum.

- Við uppbyggingu á iðnaðarsvæðum þarf að huga að yfirbragði og ásýnd svæðis vegna nálægðar við þjóðveg og sem aðkomu úr vestri og austri.
- Í samræmi við skýrslu Vítu- og hafnamálastofnunar, Skipulags ríkisins og Viðlagatryggingar (Fjarhitun, 1994), er mælt með að gólfkótar verði ekki lægri en 4,7-5,0 m í hæðarkerfi Víkur.
- Almennt skal miða við að byggingar verði einlyftar og verði ekki hærri en 7 m frá gólfkóta, til þess að falla að núverandi byggðamynstri í Vík.

2.4. Verslunar- og þjónustusvæði


Á verslunar- og þjónustusvæðum skal skv. skipulagsreglugerð „fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.”

Ferðabjónusta

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur vaxið á undanförmum árum og samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram (mynd 2.1). Það hefur verið stefna sveitarfélagsins á undanförmum árum að stuðla og styðja við vöxt í ferðabjónustu og lengja þann tíma sem ferðabjónusta stendur yfir. Hluti af því er að skilgreina betur þau svæði sem þurfa að vera aðgengileg, huga að því að vernda náttúruperlur sem draga að ferðamenn, skapa svigrúm fyrir uppbyggingu þjónustu í þéttbýlinu og dreifbýlinu og tryggja öruggar samgöngur. Þá er það grundvallaratriði að það sé samvinna með nágrennsveitarfélögum til að laða fleiri ferðamenn í Mýrdalshrepp og nágrenni hans.

Í Mýrdalshreppi eru hótél, gistiheimili, farfluglaheimili, bændagisting og tjaldsvæði. Heildarfjöldi gistirýma sem boðið er upp á í Mýrdalshreppi voru árið 2007 nær fimm hundruð. Ýmis veitingabjónusta og fjölbreytt afþreying er í boði, bæði í og utan þéttbýlisins. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu þessarar þjónustu.

Í stefnumótun Mýrdalshrepps er lögð áhersla á að ferðabjónusta tengist náttúru og menningu svæðisins. Þessari stefnu fylgir því sá ásetningur að ferðabjónusta verði rekin með þeim hætti að grundvöllur hennar, þ.e. sérstæð náttúra og menning Mýrdælinga fái einnig nýst framtíðarkynslóðum.



Mynd 2.1: Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi og með viðkomu í Vík.

Heimild: Ferðamálastofa (2011). *Spá Gisla Sverris Árnasonar (Ragnhildur Sveinbjarnardóttir)

Katla Jarðvangur

Katla Jarðvangur er fyrsti íslenski jarðvangurinn (e. geopark) sem fær inngöngu í European Geoparks Network. Katla Jarðvangur er samstarfsverkefni Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps. Hann nær til allra sveitarfélaganna og afmarkast af sveitarfélagamörkum þeirra.

„Ferðabjónustan á svæðinu hefur nú þegar byggt upp mikið af sínum innviðum og myndi stofnun Kötlu Jarðvang geta verið eðlilegt næsta skref í uppbyggingu ferðabjónustu á svæðinu. Með jarðvangi (e. Geopark) kemur ákveðið skipulag fyrir svæðið þar sem unnið er að vistvænni og þematengdri ferðabjónustu. Einnig skapast möguleikar fyrir sameiginlega markaðssetningu svæðisins innanlands sem og á alþjóðavísu en með inngöngu í European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network.“ (Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, 2010).

Gert er ráð fyrir að Katla Jarðvangur komi til með að vekja mikla athygli og stuðla að auknum fjölda ferðamanna sem vilja kynna sér sérstöðu svæðisins, jarðfræði og menningu. Byggt á skýrslu Ranghildar Sveinbjarnardóttur (2010) eru eftirfarandi aðgerðir skilgreindar í aðalskipulaginu til að stuðla að og styrkja starfsemi í Kötlu Jarðvangi:

- Nýta Brydeubúð í Vík sem upplýsingamiðstöð.
- Bæta aðgengi að þeim stöðum sem á að sýna gestum.



- Setja upp fræðsluskilti, merkingar og ýmis konar upplýsingar til gesta, s.s. leiðsögn um svæði og þjónustu- og gönguleiðakort.

Skilmálar vegna Kötlu Jarðvangs

- Framkvæmdir sem áætlaðar (s.s. vegagerð og möguleg ræktun á Mýrdalssandi) eru á stöðum sem skilgreindar eru í töflu 2.3 þurfa að falla að stefnu Kötlu Jarðvangs og vera í samræmi við stefnu um uppbyggingu ferðamennsku og verndunar náttúruminja.

Tafla 2.3: Staðir mikilvægir fyrir Kötlu Jarðvang

| Mikilvægir staðir |
|---|
| Jarðfræði |
| Dyrhólaey |
| Dyrhólaós, Loftsalahellir |
| Eyjarhóll, Pétursey |
| Hafursey |
| Hjörleifshöfði |
| Katla, Mýrdalsjökull, Mýrdalssandur |
| Reynisfjall, Reynisdrangar, Reynisfjara |
| Skammadalaskambar |
| Sólheimajökull, Sólheimaheiði |
| Vatnsdalshellir |
| Annað / menning |
| Fellsheiði |
| Hellur |
| Höfðabrekka / Höfðabrekkuheiði |
| Vík (eldri hluti bæjarins) |

Heimild: Katla Geopark Project (2010).

Verslun og þjónusta

Vík hefur lengi verið verslunar- og þjónustukjarni fyrir nærsveitir. Skilgreind verslunar- og þjónustusvæði (V) eru um allt sveitarfélag, enda um mjög fjölbreytta atvinnustarfsemi að ræða (sjá, töflu 2.4). Verslun og þjónusta nær m.a. til gistiheimila, verslunar, skrifstofu og ýmsa þjónustu tengda ferðaþjónustu. Að svo stöddu er ekki talin þörf á að bæta við nýjum verslunar- og þjónustusvæðum í Vík,

þar sem unnt er að nýta núverandi svæði betur. Þróun svæða verslunar- og þjónustu mun fylgja vexti og uppbyggingu í sveitarfélaginu og því kann þessum svæðum að fjölga á næstu árum.

Tafla 2.4: Skilgreind verslunar- og þjónustusvæði

| Verslunar- og þjónustusvæði og núverandi nýting | Stærð ha | N |
|--|-------------|-----|
| V1 Gistipjónusta | 0,4 | 0,3 |
| V2 Gistipjónusta | 0,5 | 0,4 |
| V3 Verslun við Víkurbraut | 0,2 | 0,5 |
| V4 Skrifstofur / bæjarskrifstofur | 0,1 | 0,5 |
| V5 Verslun | 2,0 | 0,7 |
| V6 Hótel og veitingar | 1,6 | 0,7 |
| V7 Golfskáli | 0,8 | 0,6 |
| V8 Ferðaþjónusta. Vélsleðaleiga á Sólheimaheiði | 1,0 | 0,3 |
| V9 Bændagisting og hestaleiga á Völlum | 5,0 | 0,3 |
| V10 Bændagisting og veitingar við Steig | 5,0 | 0,3 |
| V11 Bændagisting við vestur Pétursey | 5,0 | 0,3 |
| V12 Bændagisting og veitingar í Sólheimahjáleigu | 5,0 | 0,3 |
| V13 Bændagisting og veitingar. Eystri-Sólheimar | 1,0 | 0,4 |
| V14 Verslun og þjónusta. Eystra Skaganes | 1,0 | 0,3 |
| V15 Ýmis ferðaþjónusta við Reynisfjall | | 0,3 |
| V16 Tjaldstæði, gistipjónusta o.fl. í Þakgili | 5,0 | 0,3 |
| V17 Gistipjónusta að Görðum | 1,0 | 0,4 |
| V18 Ferðaþjónusta við Sólheimajökul | 1,0 | 0,4 |
| V19 Ferðaþjónusta og náttúruskoðun í Reynisfjöru | 1,0 | 0,4 |
| V20 Þjónusta í Eystri Dyrhólum | 1,0 | 0,4 |
| V21 Ferðaþjónusta við Sólheimajökul | 1,0 | 0,4 |
| V22 Gisti- og ferðaþjónusta á Brekkum og Ási | 5,0 | 0,4 |
| V23 Hótel og veitingastaður, Höfðabrekka | 1,0 | 0,4 |
| V24 Gisti- og ferðaþjónusta. Ketilsstaðir | 1,0 | 0,3 |
| V25 Skáli Ferðafélags Mýrdælinga | 0,5 | 0,3 |
| Alls | 45,1 | |



Breyting er á skilgreiningu landnotkunar frá fyrra skipulagi. Á suðvesturluta þéttbýlisins er skilgreind blönduð landnotkun íbúðarbyggðar, athafnasvæðis og verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að allt að þriðjungur svæðisins geti fallið undir verslun- og þjónustu. Nýtingarhlutfall getur orðið allt að 0,7. Þá er svæðið við Víkurskála stækkað til vesturs og verður sitt hvorum megin við Hringveg.

Skilmálar á verslunar- og þjónustusvæðum

- Við mótun deiliskipulags skal huga að heildarskipulagi þess svæðis sem fellur undir blandaða byggð. Þar skal skilgreina hvar verslunar- og þjónustusvæði geta verið og þá skilmála sem gilda um þá starfsemi.
- Á verslunar- og þjónustusvæðum getur nýtingarhlutfall verið allt að 0,7, enda er þar gert ráð fyrir að hús geti verið tvi- eða þrílyft að hluta eða öllu leyti.
- Hugabarf að götumynd eldri hverfa og taka mið af ákvæðum um húsafríðun, sjá kafla 5.5.

2.5. Miðsvæði

Fellt er út miðsvæði sem skilgreint var í fyrra skipulagi. Í stað miðsvæðis er skilgreind blönduð landnotkun íbúðarbyggðar, athafnasvæðis og verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að allt að þriðjungur svæðisins geti fallið undir verslun- og þjónustu. Nýtingarhlutfall getur orðið allt að 0,7.

Á umræddu svæði eru m.a. hótél, Brydebúð, Halldórsverslun og Skaffellingsskemma. Nýting á þessu svæði er mismunandi og eru stækkunarmöguleikar takmarkaðir, sérstaklega á eldri húsunum.

2.6. Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði er skilgreint, að jafnaði, það svæði sem nær upp í 300 metra yfir sjávarmáli. Skilyrði til að stunda landbúnað í Mýrdalshreppi eru góð og þar hefur framleiðni verið með því besta í landinu. Stærsti flokkur landnotkunar í Mýrdalshreppi er ætlaður til landbúnaðar eins og verið hefur. Tún og önnur jarðræktarsvæði í sveitarfélaginu eru nú um 2.100 ha að stærð. Hlutfallsleg framleiðsla fôðurvara og grænmetis er há í Mýrdalshreppi.

Landbúnaðarsvæði er samheiti yfir mjög fjölbreytta landnotkun og nær m.a. til túna, beitilands, ræktaðs lands, ræktanlegs lands, akuryrkju og skógræktar.

Til að tryggja áframhaldandi fæðuframléiðslu og atvinnu hefur sveitarfélagið sett fram stefnu um að skerða ekki ræktað land. Með því er ætlað að treysta forsendur fyrir landbúnað í sveitarfélaginu. Áhersla aðalskipulagsins á landbúnað er vegna

mikilvægi hans varðandi matvælaöryggi, hann leggur grunn að mörgum störfum í landinu og er í nánum tengslum við náttúruna.

Talsverð umfjöllun hefur verið meðal opinberra stofnana um gildi ræktaðs lands og ræktanlegs lands. Snýr hún m.a. að nauðsyn þess að flokka landið eftir gæðum þess.

Helstu aðgerðir sem snúa að landbúnaðarlandi

- Aðalskipulagið gerir ráð fyrir nýjungum í landbúnaði, s.s. akuryrkja. Það gerir m.a. ráð fyrir því að nýtt land sé tekið til ræktunar.
- Í samræmi við Staðardagskrá 21 verði kannaðir nýtingarmöguleikar á Mýrdalssandi m.t.t. til ræktunar, þá til matvælaframléiðslu, ölgerðar og orkuframléiðslu. (Mýrdalshreppur, 2009).
- Mælst er til þess að landnotendur geri landnýtingaráætlanir á bújörðum til að tryggja sjálfbæra nýtingu lands og til að hámarka nýtingu landskosta.
- Nýta skal tækifæri til hliðarrekstrar á bújörðum t.d. á sviði ferðaþjónustu, bændagistingar og fiskeldis. Í samræmi við skipulagslög þarf að leggja fram deiliskipulag fyrir mannvirkjum. Heimild þarf hjá sveitarstjórn ef skerða þarf landbúnaðarsvæði sbr. kafla 1.5.

Helstu skilmálar á landbúnaðarlandi snúa að byggingum stakra húsa, þ.m.t. frístundahúsa, sem ekki eru í tengslum við bújarðir eru eftirfarandi:

- Lóðarhafi/landeigandi skal leggja fram deiliskipulag með umsókn sinni um byggingarleyfi, sem sýnir staðsetningu lóðar á bújörð, húss á lóð og aðkomu af vegi. Þá skal einnig sýna tengingu við lagnir og rotþró, svo og afstöðu og fjarlægð næstu húsa bújarðar og aðliggjandi jarða.
- Hverju húsi skal fylgja afmörkuð lóð, samkvæmt lóðarleigusamningi. Stærð lóðar sé að jafnaði ekki stærri en 1,0 ha. Hús nær til sérbýlis og raðhúsa.
- Ekki verða leyfðar fleiri en tvær nýjar byggingarlóðir á jörð. Ef áætlanir eru uppi um fleiri lóðir þarf að óska eftir breytingu á aðalskipulagi í samræmi við landnotkun s.s. frístundabyggð eða verslun og þjónustu.
- Lágmarksfjarlægð bygginga frá landamerkjum næstu jarðar skal vera 50 m.
- Jarðareigandi hefur forkaupsrétt að fasteignum á lóðinni, ef um sölu þeirra er að ræða, sjá þó jarðalög nr. 81/2004.
- Við ákvörðun um byggingarleyfi skal sveitarstjórn leggja mat á hvort það sé í samræmi við stefnu aðalskipulags um landbúnaðarsvæði.



2.7. Helstu breytingar

- Felld eru út athafnasvæði við Víkur-, Sunnu- og Mánabraut, sem er nú þegar að nokkru byggt. Landnotkun er breytt í blandaða byggð íbúðarbyggðar, athafnasvæðis og verslunar- og þjónustu.
- Lönaðarsvæði (11) er stækkað til austurs.
- Nýtt iðnaðarsvæði (12) skilgreint sunnan við 11.
- Lönaðarsvæði norðan Hringvegjar er fellt út.
- Athafnasvæði norðan Hringvegjar er fellt út og athafnasvæði við Víkurskála stækkað.
- Verslunar- og þjónustusvæði við Víkurskála er stækkað til vesturs og liggur að Hringvegi að austan og vestan.
- Miðsvæði í Vík er fellt út úr skipulagi. Í stað þess er skilgreind blönduð landnotkun.
- Skáli Ferðafélags Mýrdalshrepps (V25) er kominn á skipulag.



3. SAMGÖNGUR OG VEITUR

Leiðarljós

Samgöngur, bæði til og frá sveitarfélaginu og innan þess, eru mikilvægur þáttur í að byggja upp búsetuvænt samfélag og styðja við og styrkja atvinnulíf. Aðgengi, öryggi og greiðfærni í samgöngum skal höfð að leiðarljósi.

Þjónustukerfi verði ákveðin með áherslu á hagkvæmni, þjónustu og afhendingaröryggi. Vinna skal að framtíðarstefnu og útfærslu í sorpmálum sveitarfélagsins.

Markmið / Áherslur

- Leggja til nýja legu Hringveggar m.t.t. öryggis, greiðfærni og umhverfisáhrifa.
- Hringvegur um Mýrdal verði lagður um jarðgöng í gegnum Reynisfjall til að tryggja öryggi og greiðfærni til og frá Vík og um landið.
- Tryggt verði gott og öruggt aðgengi að ferðamannstöðum í sveitarfélaginu.
- Stefnt verði að því að varanlegt slitlag verði komið á tengivegi sem fyrst.
- Ráðist verði í að bæta vegatengingar við Sólheimajökul, Þakgil og Mýrdalsjökul. Góðar vegtengingar fyrir þessi svæði eru grundvallaratriði fyrir uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu.
- Endurskoða kerfi göngu- og reiðstíga annars vegar fyrir þéttbýlið í Vík og hins vegar fyrir ferðamannastaði í sveitarfélaginu. Þar verði áhersla lögð á öryggi, að stýra ferðamönnum til að takmarka rask og bjóða upp á fjölbreytta upplifun á sérstöku náttúrufari sveitarfélagsins.
- Tryggja skal öruggt aðgengi að neysluvatni.
- Vatns- og vindorka svæðisins verði nýtt með uppbyggingu heimarafstöðva og smávirkjana.
- Allar raflínur verði lagðar í jörðu.
- Ljúka úrbótum á fráveitumálum í Mýrdalshreppi.
- Fjarskiptasamband verði stórbætt í sveitarfélaginu. Þetta á við um gagnaflutningakerfi, tölvusamskipti, sjónvarp og farsímakerfi.
- Vinna í samstarfi við önnur sveitarfélög um framtíðarlausn í sorpmálum.

3.1. Forsendur

Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnu og búsetu í Mýrdalshreppi. Stór hluti sveitarfélagsins nýtur allgóðra samgönguskilyrða á landi. Bundið slitlag er komið á stofnveg að öllu leyti en á lítinn hluta tengivega.

Mikil aukning hefur orðið í umferð á síðastliðnum árum eins og sjá má á myndum 3.1, 3.2 og 3.3. Hefur ársdagsumferð (ÁDU) aukist á bilinu 44% til 57% á mismunandi vegköflum Hringveggar á tímabilinu 2000 til 2009. Sumardagsumferð í Vík hefur á sama tímabili aukist um 62%. Umferð flutningabíla um Mýrdalshrepp hefur aukist allmikið á síðari árum enda hefur dregið mjög úr öllum sjóflutningum um Ísland.

Í mars árið 1999 samþykkti Alþingi þingsályktun um mótun langtímaáætlunar um gerð jarðganga á Íslandi. Í Jarðgangaáætlun (Vegagerðin, 2000, bls. 30), kemur fram að á „Hringveginum á Suðurlandsundirlendi er Reynisfjall eina verulega misfellan. Snjór er þar stundum til trafala, og leiðin uppá fjallið að vestanverðu, um svonefnda Gatnabrún, er brött. Oft hefur komið til tals að einfaldast sé að fara gegnum fjallið í tiltölulega stuttum göngum. Eðlilegast væri þá að færa veginn í Mýrdalnum töluvert sunnar og fara í gegnum fjallið á mótis við Vík og svo áfram með veginn sjávarmegin byggðarinnar. Göngin yrðu um 1,2 km á lengd. Miðað við þessa færslu á veginum væri eðlilegt að fara sunnan við Geitafjall í Mýrdal, eða í göngum gegnum það við Skeiðflöt. Slík göng yrðu um 500 m löng.“ Í jarðgangaáætlun kemur fram að forsenda þessara ganga séu vetrarfærð og að hluta til stytting (Vegagerðin, 2000).

Samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar (2002) um hættulegar beygjur á þjóðvegi 1 er beygjan í Gatnabrún, þar sem núverandi Hringvegur liggur upp á Reynisfjall, ein af sex hættulegustu beygjum á Hringveginum og flokkast þar sem stórhættuleg. Í vaxtarsamningi Suðurlands (2006, bls. 92) kemur fram að þrátt fyrir að töluverðir fjármunir hafi verið lagðir í að lagfæra veginn á undanförmum árum er beygjan enn skilgreind sem hættuleg og að núverandi Hringvegur, þar sem hann liggur um Mýrdal, þolir ekki þungaflutninga sem um hann fara í dag og þarf styrkingar og endurnýjunar við ef ekki verður farið í gerð nýs vegar og jarðganga.

Í Vaxtarsamningi Suðurlands (2006) kemur fram að verkefnisstjórn meti að 6 meginverkefni séu framundan í samgöngumálum á Suðurlandi: 1. Breikkun Suðurlandsveggar (4 akreinar) á milli Selfoss og Reykjavíkur. 2. Ferja eða jarðgöng frá Vestmannaeyjum til Landeyjasands (Bakkafjara). 3. Brú yfir Hvítá. Vegur á milli Flúða og Reykhólts. 4. Gjáþakkavegur á milli Laugarvatns og Þingvalla. 5.

Suðurstrandarvegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur. 6. Jarðgöng í gegnum Reynisfjall. Framkvæmdir eru hafnar við fyrstu 5 töluliðina.


Á undanförmum árum hefur verið unnið að bættu aðgengi að ferðamannastöðum. Grundvöllur að áframhaldandi uppbyggingu ferðapjónustunnar er stórbrotin náttúran og sú þjónusta sem til er á svæðinu. Samgöngubætur eru nauðsynlegar ef þessi grein á að þróast áfram.

Til þess að unnt verði að byggja upp atvinnu í sveitarfélaginu og bjóða upp á almenn lífsgæði er mikilvægt að fjarskiptasamband verði stórbætt í sveitarfélaginu.

Tafla 3.1: Heiti vegkafla Hringvegur í Mýrdalshreppi


| Vegkafli | Upphaf | Endir | Lengd km |
|----------|-------------------------------|-------------------------------|----------|
| b2 | Hjörleifshöfði | Vík, vesturgafi Víkurprjóns | 12,04 |
| b3 | Vík, vesturgafi Víkurprjóns | Vík, Mýrarvegur, skurður t.v. | 0,72 |
| b4 | Vík, Mýrarvegur, skurður t.v. | Dyrhólavegur (218-01) | 12,07 |
| b5 | Dyrhólavegur (218-01) | Sýslumörk (vegri) | 14,29 |

Heimild: Vegagerðin (2011)



Mynd 3.1: Ársdagsumferð á Hringvegi í Mýrdalshreppi 2000-2009


Heimild: Vegagerðin (2011)



Mynd 3.2: Sumardagsumferð á Hringvegi í Mýrdalshreppi 2000-2009

Heimild: Vegagerðin (2011)

Í frumdrögum Vegagerðarinnar (2008) er umferðarspá fyrir árið 2030 um vegkafana b2, b3 og b4. Samkvæmt henni er ársdagsumferð (ÁDU) fyrir b2 760 bílar, 3.500 bílar fyrir b3 og 1.030 fyrir b4. Spá um sumardagsumferð fyrir þessa vegkafna er 1.400 bílar fyrir b2, 4.200 bílar fyrir b3 og 1.700 bílar fyrir b4 (Vegagerðin 2008).




Mynd 3.3: Vetrardagsumferð á Hringvegi í Mýrdalshreppi 2000-2009

Heimild: Vegagerðin (2011)

Fram að fjórða áratug síðustu aldar voru allar vörur fluttar sjóleiðis til Víkur og skipað upp á árabátum, oft við erfiðar aðstæður. Síðar hófust flutningar landleiðina til og frá Reykjavík, enda höfðu þá Markarfljót og Klífandi verið brúaðar.


Veghaldari

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma. Vegalög nr. 80/2007



- Landnotkunarflokkar í skipulaginu fyrir samgöngur og veitur eru:
- 3.2 Vegasamgöngur
 - 3.3 Fráveita
 - 3.4 Vatnsveita
 - 3.5 Hitaveita
 - 3.6 Rafveita
 - 3.7 Flugsamgöngur
 - 3.8 Gagnaveita
 - 3.9 Göngu- og reiðleiðir

Mynd 3.4: Meðaltalsslysatíðni á Hringvegi 2000-2009*



Mynd 3.5: Fjöldi slysa á Hringvegi í Mýrdalshreppi 2000-2009*

* Vegkaflar b2, b3, b4 og b5 eru skilgreindir í töflu 3.1. Slysatíðni er skilgreind sem fjöldi slysa á milljón ekna km. Heimild: Vegagerðin (2012).

3.2. Vegasamgöngur

Hringvegur í Mýrdalshreppi

Stofnvegur í Mýrdalshreppi er Hringvegur um Mýrdalssand, Mýrdal og Sólheimasand. Veghaldari stofnvega er Vegagerðin. Í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps er mótuð stefna um færslu Hringvegur í sveitarfélaginu á kafla sem nær u.þ.b. frá afleggjara tengivegar nr. 216 við Hryggi að verslunar- og þjónustuvæði í austurhluta Víkur. Að teknu tilliti til ávinnings og umhverfisáhrifa vegna færslu Hringvegur telur Sveitarstjórn Mýrdalshrepps að hagsmunir séu meiri við að færa Hringveginn og byggja jarðgöng um Reynisfjall en möguleg neikvæð umhverfisáhrif. Þar hefur mikið að segja að ný veglína hefur ekki veruleg áhrif á svæði á Náttúruminjaskrá, búsvæði fugla og ræktanlegt land.

Á undanförunum árum hefur verið mikil umræða um úrbætur í samgöngum í sveitarfélaginu, þannig að þær verði ásættanlegar og í samræmi við það sem gerist annars staðar á Suðurlandi. Ýmsar hugmyndir hafa verið til skoðunar, en megin niðurstaðan er að byggja göng í gegnum Reynisfjall. Kemur það m.a. fram í jarðgangaáætlun (Vegagerðin, 2000), Vaxtarsamningi Suðurlands (2006), stefnumótun Rangárþings og Mýrdals í atvinnu- og ferðamálum 2005-2010 og frumdrögum Vegagerðarinnar fyrir Hringveg um Mýrdal (2008).

Forsendur nýs Hringvegur

Megin forsenda sveitarfélagsins fyrir færslu og staðsetningu Hringvegurinnar er að með því verði hann greiðfær láglendisvegur í stað vegur um hættulegar brekkur og misvindasamt svæði (sjá mynd 3.6). Um Reynisfjall er umhleyplingarsamt svæði og hefur það talsvert að segja þar sem mikil úrkoma er í Mýrdal (sjá mynd vii). Auk þess sem vegurinn er færður út úr þéttbýlinu í Vík og styttest um 3 km. Meðaltalsslysatiðni á kafla Hringvegur um þéttbýlið í Vík (b5) og kaflanum um Víkina (Reynisfjall) til vesturs (b4) er hærri en á öðrum vegköflum í Mýrdalshreppi, hærri en meðaltalsslysatiðni á Suðurlandsvegi og landsmeðaltal Hringvegur (sjá myndir 3.4 og 3.5).

Vegur yfir heiði fyrir ofan Vík er að mati Mýrdalshrepps ekki ásættanlegur og því verði að finna nýtt vegstæði fyrir Hringveg.


Markmið með færslu vegurinnar eru m.a.:

- Greiðfærni á veturna. Greiðfærni fyrir alla umferð og vöruflutninga.
- Umferðaröryggi. Bæta vegtæknilega eiginleika vegurinnar s.s. sjónlengdir, beygjur, veghalli og fækka tengingum.

- Færa Hringveg út úr þéttbýli. Bætur öryggi í þéttbýli.
- Stytting Hringvegur.

Mikilvæg forsenda er að færa Hringveg út fyrir þéttbýli íbúðabyggðar til að stuðla að auknu umferðaröryggi og draga úr hávaða frá umferð. En um leið er mikilvægt að halda góðum tengingum við atvinnusvæði austanvert í Vík, til að styrkja rekstrarforsendur atvinnustarfsemi.

Með færslu Hringvegur fækka ymsum tengingum við Hringveginn verulega. Í dag eru þær yfir 50 talsins á um 12 km löngum kafla, sem eru flestar að bæjum og túnum. Að mati Mýrdalshrepps fellur ný veglína að hönnunarforsendum Vegagerðarinnar vegna nýrra vega, sem eru öryggi, afköst, hagkvæmni og umhverfi. Varðandi öryggi hefur Vegagerðin sérstaklega nefnt veghalla og fjölda gatnamóta.



Mynd 3.6: Vindhviður á þremur mælingarstöðvum

Valkostir um veglínu

Færsla veglínu byggir á forathugun Vegagerðarinnar (2008) á nokkrum mögulegum lausnum. Ný veglína liggur sunnan við Geitafjall að vestanverðu, meðfram Dyrhólaósi sem er svæði á náttúruminjaskrá (nr. 708), og í göngum sunnarlega um Reynisfjall (sjá mynd 3.7). Austan Reynisfjalls liggur leiðin meðfram sjó innan við flóðvarnargarðinn og sameinast núverandi vegi austanvert í Vík.

Nýtt vegstæði hefur um árabíl verið til skoðunar og ýmsar lausnir verið til samanburðar meðal annars m.t.t. umhverfisáhrifa, kostnaðar, umferðaröryggis, vegtækni og veðurfars. Það sem vegur þyngst við færslu vegar er að hún sé til þess að samgöngur verði greiðfærar og öruggar allan ársins hring.

Vegagerðin hefur komið að þeim sjónarmiðum að nýjar veglínur í frumdrögum muni uppfylla kröfur um vegtækni og umferðaröryggi. Við endurskoðun aðalskipulagsins og þar með talið í umhverfismati skipulagsins voru til skoðunar valkostir Vegagerðarinnar, aðrir kostir sem hafa verið til umfjöllunar og nýir valkostir. Í þeirri skoðun var litið til markmiða um umferðaröryggis, greiðfærni og umhverfisáhrifa.

Veglína Hringvegjar sem sýnd er í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps fellur best að þeim forsendum og markmiðum sem sveitarfélagið hefur skilgreint. Umhverfisáhrif þeirrar veglínur eru ekki talin verulega neikvæð, frekar en aðrar veglínur sem hafa verið til skoðunar. Áhrif þessara veglína eru hins vegar mismunandi. Aðrir kostir um færslu Hringvegjar hafa umfangsminni umhverfisáhrif á votlendi og aðgengi að Víkurfjöru, en valda umfangsmeiri umhverfisáhrifum á aðra þætti s.s. vatnsvernd og ásynd og landnotkun norðan Víkur. Mýrdalshreppur hefur því við ákvörðun kannað aðrar leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum. Einnig hefur veglína verið færð til m.v. fyrri áætlanir og liggur hún nú að mestu leyti utan svæðis á Náttúruminjaskrá. Þess ber að geta að staðbundnar aðstæður, verkhönnun og mat á umhverfisáhrifum kunna að leiða til lítilsháttar tilfærslu á veglínur.

Í mótun skipulagsins komu m.a. fram ábendingar um að ströndin væri ekki í jafnvægi. Standi vegi sunnan byggðarinnar í Vík ógn af hækkun sjávarborðs eða eldgosum og flóðum mun að öllum líkindum sama gilda um byggðina sjálfa. Því kann að vera nauðsynlegt að ráðast í frekari varnaraðgerðir, óháð því hvort vegur verður lagður eða ekki. Til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi varnir verndi byggðina í Vík og er það forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi (sjá kafla 5.7).

Mýrdalshreppur telur ekki ásættanlega að meira land skerðist vegna áganga sjávar. Fyrir skömmu hófst bygging sandfangara sem nú er nánast fullbúinn. Framhaldið verður svo metið með hliðsjón af reynslunni af þessum garði. Rætt hefur verið um að ef garðurinn dugar ekki til að stöðva rof sunnan byggðarinnar, megi byggja þar stuttan garð vestan við sandfangarann til að tryggja að rofið verði ekki meira en orðið er. Einnig eru uppi áform um að byggja annan sandfangara austar á ströndinni sem þá mundi verja iðnaðar- og þjónustuhúsin sem þar eru (sjá kafla 5.7).

Ein af forsendum þess að hægt verði að leggja veg samkvæmt veglínur Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 er að reynsla verði komin á þau mannvirki sem hafa verið byggð í Víkurfjöru. Byggt á henni verða teknar ákvarðanir um frekari mannvirkjagerð til að verja land og byggð. Skili þessar aðgerðir tilætluðum árangri verður strandlengjan við Vík í jafnvægi og þar af leiðandi aðstæður til vegagerðar. Forsendur þessara mannvirkja eru að verja land og byggð, en þau koma einnig til með að verja vegamannvirki þótt það sé ekki megin markmið með byggingu þeirra.

Í skipulagsvinnu var litið til þess möguleika að lagfæra núverandi veg, sem felur fyrst og fremst í sér breytingar við Gatnabrún. Slíkar lagfæringar skerða einnig ræktarland og þær raska votlendi. Fuglalíf verður fyrir minni áhrifum, en greiðfærni um Reynisfjall, umferðaröryggi í þéttbýlinu og dreifbýli og hljóðvist verður talsvert lakari. Slíkt er að mati Mýrdalshrepps óásættanlegt sem framtíðarlausn á samgöngumálum sveitarfélagsins, en leggur áherslu á eðlilegt viðhald og lagfæringar á núverandi Hringvegi þar til nýr vegur hefur verið lagður, **enda skuli slíkar lagfæringar ekki valda umfangsmiklum og neikvæðum umhverfisáhrifum.**

Umhverfisáhrif og niðurstaða umhverfismats

Við mótun á aðalskipulagsáætlun Mýrdalshrepps hefur verið litið til margvíslegra umhverfissjónarmiða (sjá umhverfisskýrslu). Megin áhersla matsvinnu var að skilgreina vel möguleg umhverfisáhrif vegagerðar vegna tilfærslu Hringvegjar. Niðurstaða þeirrar umræðu er að færsla vegar mun hafa neikvæð áhrif á umhverfið, sem felst fyrst og fremst í:

- Dyrhólaós er svæði á náttúruminjaskrá og hefur þar með ákveðið verndargildi. Erfitt verður að komast algjörlega hjá því að raska landi innan afmarkaða verndarsvæðisins, þar sem veglína fer mitt á milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss. Að öðru leyti ætti að vera hægt að komast hjá því að raska svæði sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss hefur nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar í Dyrhólaey og vegslóða sem liggja norðan við ósinn.
- Draga má úr mögulegum neikvæðum áhrifum á vistkerfið með því að tryggja að vatnsstraumar milli gróðurlendis og Dyrhólaóss verði áfram sem líkastir því sem er í dag.
- Fjölbreytt fuglalíf er í nágrenni við Dyrhólaós og er hann mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir votlendisfugla. Vegur veldur staðbundnu og beinu raski á búsvæði fugla og hefur líklega einnig óbein áhrif á nærumhverfi vegar. Óvissa er um áhrif á fuglalíf vegna umferðar vegna skorts á rannsóknnum á Íslandi.



- Ekki er vitað um sjaldgæfar tegundir eða tegundir fugla á válista í ósnum. Mikilvægt er að kortleggja betur fuglalíf á svæðinu, t.d. fjölda fugla og tegundir.
- **Alls fara 19,2 ha undir veg vestan Reynisfjalls, ef miðað er við 20 m breitt vegstæði.**
- Beint rask verður á votlendi og er umfang þess u.þ.b. 9 ha skv. gróðurflokkun Náttúrufræðistofnunar. Sum votlend svæði sem verða fyrir beinu raski eru nokkuð heilleg, en önnur hafa verið ræst fram og nýtt fyrir landbúnað. Votlendi nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Gert er ráð fyrir að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast með vegagerð og er litið til Mýrdalsins, Engigarðsmýri og Rofamýri.
- Beint rask á ræktuðu landi skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar er 5,2 ha. Ræktað land er að stærstum hluta tún.
- **Beint rask á svæði sem er á náttúruminjaskrá er um 1,2 ha og er við Loftsalahelli.**
- Rask vegna gangamunna og vegamannvirkja í hlíðum Reynisfjalls verður staðbundið og ekki á því svæði sem telst sem búsvæði brekkubobbans.
- Vegur verður almennt mjög sýnilegur þar sem hann liggur um opið landslag. Hann liggur hins vegar ekki um þau svæði sem skipta megin máli fyrir ferðapjónustu, þ.e. Dyrhólaey og Reynisfjör. Áhrif á útsýni frá þessum stöðum verða líklega óveruleg eða engin. Vegurinn kemur hins vegar til með að verða mjög áberandi frá Loftsalahelli.
- Í Víkurfjöru veldur vegagerð staðbundnu raski og breytingu á ásýnd. Talið er að mestu neikvæðu áhrifin vegna ásynðarbreytinga verði í fjörunni. Upplifun á Víkurfjöru verður fyrir neikvæðum áhrifum vegna vegamannvirkja og umferðar og getur það dregið úr gildi Víkurfjöru sem útivistar- og ferðamannastaðar. Ekki er þó víst að mikið muni sjást til vegar úr Víkurfjöru en gera má ráð fyrir að framlengdur sjóvarnargarður verði á milli fjöru og vegamannvirkja. Mótvægisáðgerðir geta líklega dregið úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Áðgerðir sem hafa verið nefndar eru gerð undirganga til að tryggja gott aðgengi, bygging áningar- og útsýnisstaðar og að auðvelda aðgengi að fjöru austan við sandfangara. Með vegi breytist ásýnd fjöru, bæjarins og Reynisfjalls talsvert.
- Við gangamunna breytist ásýnd og hávaði verður frá umferð. Hins vegar er fjarlægð gangamunna að byggð slík að hljóðvist verði í samræmi við reglugerð um hávaða. Hljóðvist frá umferð mun batna í þéttbýlinu með færslu vegar.


Niðurstaða matsvinnu

Mikilvægustu umhverfisþættir í umhverfismati aðalskipulags voru:

- Dyrhólaós vegna skráningu á náttúruminjaskrá.
- Votlendi, þar sem það nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
- Búsvæði fjölbreytts fuglalífs og sérstaklega Dyrhólaós sem lykilsvæði til fæðuöflunar.
- Upplifun ferðarmanna á mikilvægum ferðamannastöðum.
- Ræktarland og ræktanlegt land.

Heildarniðurstaða matsvinnu varðandi tilfærslu Hringvegjar er að umhverfisáhrif eru ekki líkleg til þess að verða verulega neikvæð. Þar vegur þyngst að þeir umhverfisþættir sem verða líklega fyrir áhrifum hafa nú þegar orðið fyrir einhverju raski og áhrifum af mannavöldum. Helstu neikvæðu umhverfisáhrifin verða vegna ásynðarbreytinga í Víkurfjöru og rasks á gróðurlendi.

Efnistaka vegna færslu Hringvegjar verður úr námum skv. skipulagi, sem munu anna efnisþörf vegafarmkvæmda. Sveitarstjórn hefur við val á veglínu skoðað sérstaklega skerðingu á ræktuðu landi og möguleg áhrif á aðliggjandi svæði, sbr. skilmála um landbúnaðarsvæði í kafla 1.5. Sveitarstjórn telur að veglínan á skipulagi skerði minnst ræktað land og hafi sem minnst áhrif á ræktað land og ræktanlegt landi á aðliggjandi svæðum í Mýrdalnum miðað við aðra kosti.



Mynd 3.7: Veglína vestan Reynisfjalls. Veglína, 60 m belti og jarðir

Skilmálar og aðgerðir vegna færslu Hringvegjar

- Mat á umhverfisáhrifum. Í mati á umhverfisáhrifum er nauðsynlegt að skoða mögulegar útfærslu fyrir veglínunni og draga sem kostur er úr umhverfisáhrifum. Í mati á umhverfisáhrifum verði kannað að fara með Hringveg milli Loftsalahellis og Geitafjalls í þeim tilgangi að staðsetja veg að fullu utan svæðis á náttúruminjakrá.
- Athuga með möguleika á endurheimt votlendis í Mýrdalnum í stað þess sem raskast við færslu Hringvegjar. Annars verði litið til Engigarðsmýri og Rofamýri.
- Tryggja að breytingar á ferskvatnsstreymi í Dyrhólaósi verði fyrir sem minnstum áhrifum.
- Unnin verði úttekt á fuglalífi og fæðuöflunarsvæðum þeirra í mati á umhverfisáhrifum.
- Sjá til þess að aðkoma að Víkurfjöru verði góð og örugg.
- Draga sem kostur er úr sjónrænum áhrifum á Víkurfjöru, s.s. með því að lágmarka hæð vegar meðfram varnargarði.

- Byggja þarf áningastaði á Hringveginum, sem tryggir aðgengi og útsýni yfir Dyrhólaós og Víkurfjöru. Gerð áningastaða er á ábyrgð Vegagerðarinnar, en gerð göngustíga og annarra aðgerða til að stýra umferð vegfarenda á ábyrgð Mýrdalshrepps. Þetta eru nauðsynlegar aðgerðir, því að umferð um þessi svæði, auk Loftsalahellis og Reynisfjörú mun aukast með tilkomu nýs vegar.
- Við færslu Hringvegjar mun gamli hluti hans falla í flokk tengivega. Þessi hluti vegar er mikilvægur fyrir aðkomu að bæjum, sem möguleg flóttaleið og hjáleið ef göng lokast.
- Áfram verður tryggt að flæði um ósinn haldist opinn og hann stíflist ekki. Ástæður slíkra aðgerða hafa verið að verja land, en með nýjum vegi verður tilgangurinn jafnframt að verja vegamannvirkin. Þessar aðgerðir hafa verið samstarfsverkefni Mýrdalshrepps og Landgræðslu ríkisins.
- Fylgjast með þróun strandlengju og stöðugleika hennar sunnan við Vík.
- Vinna mat á snjóflóða- og hrúnhættu við gangamunna beggja vegna Reynisfjalls.
- Leggja mat á öryggi í nágrenni nýs Hringvegjar í Reynishverfi.

- Við útfærslu og staðarval gangamunna skal taka mið af ábendingu Siglingastofnunar kóti þeirra skuli miða við +10 m í sjókerfi. Með því er gert ráð fyrir 1 m hækkun sjávarborðs.
- Í mati á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir áhrifum á tóftir, sbr. fornleifaskráningu og mynd 5.1, sem eru austan við Reynisfjall í nágrenni gangamunna.

Tengivegir

Tengivegir eru hluti stofnvega og er Vegagerðin veghaldari þeirra. Nokkrir tengivegir eru skilgreindir í sveitarfélaginu. Þeir helstu eru Kerlingardalsvegur, Reynishverfisvegur, Dyrhólavegur, Sólheimajökulsvegur og Mýrdalsjökulsvegur (sjá töflu 3.2). Með tilfærslu Hringvegjar bætist við nýr tengivegur, sem verður gamli hluti Hringvegjarins.

Með færslu Hringvegjar koma tengivegirnir Reynishverfisvegur (215) og Dyrhólavegur (218) að breytast. Vegur 215 mun verður á sama stað, en Hringvegjar mun þvera hann sunnan Reynishverfis. Vegur 218 mun breytast talsvert og verða styttri, þar sem nýr Hringvegur mun liggja nær Dyrhólaey.

Gert er ráð fyrir nýjum tengivegi frá stofnvegi sem fari upp með Brandslæk og tengist núverandi vegi neðan við Skagnes.

Tafla 3.2: Helstu tengivegir í Mýrdalshreppi

| Vegnr | Heiti vegar | Af Hringvegi | Lengd [km] |
|-------|---------------------|---------------------------------|------------|
| 214 | Kerlingardalsvegur | Að Kerlingardal (Þakgil) | 16,1 |
| 215 | Reynishverfisvegur | Að Reynisfjöru. | 5,9 |
| 218 | Dyrhólavegur | Að Dyrhólaey | 6,3 |
| 221 | Sólheimajökulsvegur | Að Sólheimajökli | 4,2 |
| 222 | Mýrdalsjökulsvegur | Að Sólheimakoti og Mýrdalsjökli | 10,2 |
| | Gamli Hringvegur | Að þéttbýlinu í Vík | 12,1 |

Heimild: Vegagerðin (2011)

Í stefnu Staðardagskrár 21 er gert ráð fyrir að með uppbyggingu á samgöngum og annarri aðstöðu gætu Sólheimajökull og Dyrhólaey, ásamt Reynisfjöru verið áningastaðir fyrir ferðamenn allan ársins hring.

Tengivegir gegna mikilvægu hlutverki í aðgengi að ferðamannastöðum og því mikilvægt að þeir uppfylli kröfur um öryggi, greiðfærni og aðgengi. Því til stuðnings er litið til reynslu af lagfæringum á vegi 214 í Þakgili, en eftir það hefur ásókn og umferð stóraukist um það svæði. Aukin áhersla verður á aðgengi að ýmsum svæðum í Mýrdal með alþjóðlegri skráningu Kötlu Jarðvangs, sjá kafla 2.4.

Aðgerðir og skilmálar vegna tengivega

- Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 15 m frá miðlinu tengivega nema leyfi Vegagerðarinnar komi til.
- Lengja þarf Mýrdalsjökulsveg og Sólheimajökulsveg, þannig að hann nái alla leið að jökli eða nær honum. Ábyrgð á verkefni er hjá Vegagerðinni. Samráð skal hafa um legu lengingar við landeigendur og viðeigandi aðila um rannsóknarsjónarmið sem ber að líta til.
- Leggja þarf bundið slitlag á Sólheimajökulsveg og Mýrdalsjökulsveg. Ábyrgð á verkefni er hjá Vegagerðinni.
- Lengja Kerlingardalsveg sem tengiveg, þannig að hann nái að Þakgili.

Landsvegir

Landsvegir eru víða í Mýrdalshreppi og liggja fyrst og að náttúruminum og/eða ferðamannastöðum s.s. að Hjörleifshöfða, gamli þjóðvegurinn, meðfram Vatnsá og umhverfis Pétursey.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur eru takmarkaðar við áætunarferðir sérleyfishafa á milli Reykjavíkur og Hafnar.

3.3. Fráveita

Í Vík er tvöfalt fráveitukerfi austan Víkurár. Húsaskólp er leitt í rotþró sem er sunnan Víkurskála, siturlögn opnast út í Víkurá. Vegna bakflæðis sem stundum á sér stað hefur einstremislóka verið komið fyrir. Vestan Víkurár er einfalt fráveitukerfi og rennur skólpið þaðan í ána. Sérstök rotþró er fyrir iðnaðarsvæðið við Smiðjuveg og önnur fyrir farfuglaheimilið í Norður-Vík. Holræsa- og frárennsliskerfið í Vík í nokkuð góðu lagi.

Rotþróm hefur verið komið fyrir á flestum bújörðum og þar sem um er að ræða nýleg frístundahús gildir hið sama. Sveitarstjórn stóð fyrir átaki til að bæta frárennismál með frágangi rotþróa á bújörðum og vegna frístundahúsa í Mýrdalshreppi.

Huga þarf að framtíðarlausn í fráveitu fyrir sveitarfélagið. Einn þeirra kosta sem þarf að skoða er að setja upp hreinsistöð, sem grófhreinsar skólþ, áður en það er losað til sjávar.

Aðgerðir vegna fráveitu

- Við staðarval fráveitu og umfang þarf að taka tillit til umhverfisþátta s.s. lífríki sjávar og ásyndar.
- Gengið verði frá rotþróm við öll íbúðarhús, atvinnuhús og frístundahús í sveitarfélaginu skv. lögum, reglugerðum og samþykktum.
- Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað hvert ár og losi á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru, eigendur rotþróa greiði holræsagjald til sveitarfélagsins sem standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþróanna.

3.4. Vatnsveita

Eins og kemur fram í kafla 1.4, eru 4 vatnsból í notkun og skilgreind í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Að öðru leyti eru bújarðir með einkavatnsból í Mýrdalshreppi.

Aðgerðir vegna vatnsveitu

- Við afmörkun vatnsverndarsvæða skal tekið tillit til vatnafræðilegrar legu þeirra, mikilvægis þeirra og áhættu vegna mengunar. Afmörkunin getur verið erfið og þess vegna skulu mörkin vera rúm. Ef þörf er á er hægt að aflétta friðun af vatnsverndarsvæði.
- Gæði neysl vatns frá einkaveitum verði kannað og eftirlit með ástandi þess eftt.
- Komið verði á fót reglulegu gæðaeftirliti með vatnsveitu og vatnsbólum í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Vatnsveitustjóri er ábyrgur fyrir því að eftirlitið komist á.

3.5. Hitaveita

Ein borhola er ofan við þéttbýlið í Vík, sem sér um upphitun skóla, sundlaugar og íþróttahúss að hluta. Önnur byggð notast við rafmagnshitun. Mýrdalshreppur leggur á það áherslu að leita leiða til að koma á hagkvæmri húshitun í sveitarfélaginu.

Aðgerðir vegna hitaveitu

- Kanna skal hagkvæmni og skilvirkni þess að bora fleiri holur eftir heitu vatni og nýta varmadælur.

3.6. Rafveita

RARIK sér um alla dreifingu raforku í Mýrdalshreppi. Stofnlína, 33 kV, liggur til Víkur frá Hvolsvelli. Frá Vík liggja tvær línur, önnur yfir í Mýrdal en hin, sem er 19 kV, til Kirkjubæjarklausturs. Sú lína þjónar einnig Höfðabrekku, Kerlingardal og Háfelli. Línan til Kirkjubæjarklausturs getur einnig þjónað Mýrdalshreppi ef línan vestan frá rofnar. Vararafstöð er í Vík.

Dreifikerfi rafmagns í öllu sveitarfélaginu hefur farið mikið fram á síðari árum og nú eru flestar raflínur þriggja fasa. Í Kerlingardal er lítil rafstöð, knúin af bæjarlæknum, hún gefur 5 kW. Með varmadælu skilar hún um og yfir 20 kW og hitar upp tvö íbúðarhús og fjölnotahús.

Skilmálar og aðgerðir vegna rafveitu

- Helgunarsvæði 33 kV stofnlínu er 25 m. Óheimilt er að reisa mannvirki innan þess nema með leyfi RARIK.
- Nýjar eða endurbættar raflínur skal leggja í jörðu. Forsenda er sú að vernda ásýnd Mýrdalshrepps, sérstaklega um óbyggð svæði.
- Raflínur, þar sem þær eru ofanjarðar, valdi sem minnstum spjöllum og þær verði þannig lagðar að þær falli sem best að landslagi.
- Lokið verði uppbyggingu þriggja fasa rafkerfis í sveitinni.

3.7. Flugsamgöngur

Flugvöllur í Mýrdalshreppi er við Höfðabrekku. Flugsamgöngur eru fyrst og fremst sjúkra- og leiguflyg. Flugbrautin er 707 m að lengd og 25 m á breidd. Heimilt er að lengja brautina í um 1.200 m sbr. sveitarfélagsuppdrátt. Lágmarks lendingarbúnaður ásamt öryggis- og brunavörnum er á flugvöllinum. Til að tryggja öryggi flugvallarins, verður ekki heimilt að reisa mannvirki nálægt flugbrautinni sem kunn að hafa neikvæð áhrif á öryggi flugvallarins. Umsjón flugvallarins er í höndum Isavia. Aðkoma að flugvöllinum er frá Hringvegi.

Skilmálar vegna flugsamgangna

- Tilkynna þarf stækkun flugbrautarinnar til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, sem ákveður um matsskyldu framkvæmdarinnar.

3.8. Gagnaveita

Mýrdalshreppur tekur undir áherslur Byggðastofnunar (2008) um að það sé mjög mikilvægt að áform stjórnvalda um bættu gagnaflutninga nái fljótt fram að ganga. Er þá átt við aðgengi að gagnakerfinu, öryggi og hraða. Slikt er mikilvægt á fjölmörgum sviðum svo sem fyrir allan atvinnurekstur, fjarnám, fjarvinnu, afþreyingu og samband við umheiminn.

3.9. Göngu- og reiðleiðir

Fjölmargar göngu- og reiðleiðir eru í Mýrdalshreppi, sem tengir ýmsa staði, þéttbýli og náttúruperlur, sjá töflur 3.3 og 3.4.

Tafla 3.3: Yfirlit um helstu reiðleiðir í Mýrdalshreppi

| Nr. | Staðsetning | Lengd [km] |
|-----|--|------------|
| R1 | Meðfram Þjóðvegi nr. 1, úr vestri og meðfram gamla Þjóðveginum í austri. | 50 |
| R2 | Að Sólheimajökli frá Hringvegi. | 5 |
| R3 | Umhverfis Pétursey, tenging við R1. | 4 |
| R4 | Að Reynishverfi. Tenging við R1. | 4,5 |
| R6 | Heiðardalur-Þakgil. Fylgir G4 og tengist R7. | 15 |
| R7 | Frá Höfðabrekku, tenging við R1, að Þakgili. | 15 |
| R8 | Umhverfis Hafursey, tenging við R1. | 15,5 |
| R9 | Umhverfis Hjörleifshöfða, tenging við R1 | 11 |

Tafla 3.4: Yfirlit um helstu gönguleiðir í Mýrdalshreppi

| Nr. | Staðsetning | Lengd [km] |
|-----|---|------------|
| G1 | Nokkrar leiðir inn að Sólheimaheiðar. Frá Hringvegi, frá Sólheimakoti og frá frístundabyggð F5. | 32 |
| G2 | Um Fellsheiði. | 12 |
| G3 | Heiði-Gæsavatn. Tenging við G4. | 7,5 |
| G4 | Heiði, meðfram Sundá. Tenging við G3, G5 og G6. | 10 |
| G5 | Mælifell. Tenging við G4 og G6. | 10 |
| G6 | Sker-Hvolhöfuð. Tenging við G4 og G5 | 13,5 |
| G7 | Umhverfis Reynisfjall | 9,5 |
| G8 | Frá Vík, yfir Höttu | 12 |
| G9 | Frá Vík, norður fyrir Grafarhól og til baka, tengist G8. | 4 |
| G10 | Hjörleifshöfði | 3 |

3.10. Helstu breytingar

- Ný lega Hringvegur um Mýrdal.
- Gamli Hringvegurinn verður gerður að tengivegi.
- Mýrdalsjökulsvegur og Sólheimajökulsvegur eru lengdir að jökulsporði.
- Kerlingardalsvegur er lengdur sem tengivegur að Þakgili.

4. BYGGÐ

Leiðarljós

Öll uppbygging íbúðasvæða og megin uppbygging atvinnuhúsnæðis skal vera í Vík, til þess að styrkja núverandi byggð og vernda náttúru og landbúnaðarland í Mýrdalshreppi. Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi.

Við þróun á þéttbýlinu skal taka mið af byggingarsögu svæðisins.


Markmið / Áherslur

- Tryggja nægt framboð íbúðarhúsalóða.
- Gert er ráð fyrir að gerð íbúðarhúsa verði í samræmi við það sem þegar er í Vík. Íbúðarsvæði falli ávallt sem best að náttúrulegu umhverfi.
- Uppbygging frístundahúsa verði á til þess skipulögðum svæðum, en heimild til að byggja stök hús á lögbýlum.
- Verslun, þjónusta, athafna- og iðnaðarsvæði verði fyrst og fremst innan þéttbýliskjams.
- Staðbundnum sérkennum byggðar skal viðhaldið. Leggja skal til verndun og friðun byggðar og götumyndar.

4.1. Forsendur


Fjöldi íbúða í Mýrdalshreppi er 223, þar af eru rúmlega 110 í Vík. Fremur lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsum í Vík á síðustu árum. Mest var byggt í Vík á árabílinu 1961-1970 eða yfir 40 hús. Meira hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði í dreifbýlishluta Mýrdalshrepps. Meðalaldur húsa er þess vegna nokkuð hár þar, flest er húsin 25-40 ára. Sérþýli, þ.e. einþýli og tvíþýli, eru 93% allra íbúðategunda (sjá mynd 4.2).

Í aðalskipulaginu kemur fram sú stefna að íbúafjöldi Mýrdalshrepps verði orðinn rúmlega 500 árið 2028, sem er fjölgun um 30 frá ársbyrjun 2011. Gert er ráð fyrir að það þurfi um 20 til 30 nýjar íbúðir á tímabilinu. Skilgreind íbúðasvæði koma til með að anna þessari fjölgun.



Mynd 4.1: Fjöldi íbúða í Mýrdalshreppi og íbúafjöldi 1998-2010.

Heimild: Fasteignaskrá (2011).



Mynd 4.2: Fjöldi íbúða í Mýrdalshreppi eftir tegundum árið 2010.

Heimild: Fasteignaskrá (2011)

Landnotkunarflokkar í skipulaginu fyrir byggð eru:

4.2 Íbúðabyggð

4.3 Frístundabyggð

4.2. Íbúðarbyggð

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á íbúðarsvæðum fyrst og fremst „gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annari starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.“

Á landnotkunaruppdrætti eru íbúðarsvæðin eftirfarandi: **Tún** (ÍS1) sem ná yfir Suðurvíkurveg, Hátún, Sigtún, Mylluland og Heimland. Þetta svæði mun stækka til muna. **Bakkar** (ÍS2) sem ná yfir Árbraut, Mýrabraut, Bakkabraut og Austurveg að hluta. **Hjallar** (ÍS3) ná yfir Kirkjuveg og Austurveg að hluta. **Fit** (ÍS4) nær yfir Ránarbraut og mestan hluta (tvö svæði). Sunnu- og Mánabrautar. **Undir Bökkunum** (ÍS5) nær yfir Víkurbraut. **Smáíbúðahverfi** (ÍS6) nær yfir vesturhluta Sunnu- og Mánabrautar. Tafla 4.1 sýnir stærð íbúðarsvæða og fjölda lóða. Nægt framboð er af íbúðarlóðum til að anna fjölgun í sveitarfélaginu og verða þær ekki fullbyggðar á skipulagstímabilinu.

Tafla 4.1: Íbúðarsvæði og fjöldi lóða í Mýrdalshreppi

| Íbúðarsvæði | Stærð ha | Byggðar | Óbyggðar lóðir | Fjöldi lóða |
|---------------------|----------|---------|----------------|-------------|
| ÍS1: Tún | 4,1 ha | 18 | 32 | 50 |
| ÍS2: Bakkar | 2,6 ha | 22 | 7 | 29 |
| ÍS3: Hjallar | 1,5 ha | 20 | 1 | 21 |
| ÍS4: Fit | 2,3 ha | 24 | 5 | 29 |
| ÍS5: Undir Bökkunum | 1,4 ha | 22 | 0 | 22 |
| ÍS6: Smáíbúðahverfi | 0,9 ha | 4 | 8 | 12 |
| Alls | 12,8 ha | 110 | 53 | 163 |

Breyting er gerð á suðvesturhluta þéttbýlisins. Nú er hluti þess skilgreindur sem blönduð byggð íbúðarbyggðar, athafnasvæðis og verslunar og þjónustu. Áhersla svæðisins verður á íbúðarbyggð og verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir að um 2/3 þess verði fyrir íbúðarbyggð. Með þessari stefnu er verið að skerpa á yfirbragði og notkun þéttbýlisins, með því að stuðla að íbúðarbyggð í nágrenni opinna svæða til sérstakra nota, skóla og íþróttar.

Skilmálar og aðgerðir vegna íbúðarbyggðar

- Ný íbúðarbyggð skal vera í samræmi við þá sem fyrir er hvað varðar tegund íbúða, stærðir, þéttleika og ásynd.
- Í samræmi við Staðardagskrá 21, skulu götur og gangstéttar verði lagaðar. Jafnframt verði götur merktar og komið upp umferðarskiltum á gatnamótum.
- Í samræmi við Staðardagskrá 21 verði haldið áfram með uppbyggingu gamalla húsa vestast í þorpinu.
- Vinna þarf deiliskipulag fyrir eldri hluta Víkurþorps, þar sem m.a. gerð verði grein fyrir almennum skilmálum, verndun byggðamynsturs og heildrænnar stefnu um ásynd hverfisins.
- Íbúðarsvæði falli ávallt sem best að náttúrulegu umhverfi og lagður sé metnaður í ná samfella byggðar og náttúru.
- Huga þarf að framboði á leiguhúsnæði m.a. fyrir fólk sem kannar möguleika á framtíðarþúsetu í sveitarfélaginu.
- Huga þarf að götumynd eldri hverfa og taka mið af ákvæðum um húsafriðun, sjá kafla 5.5.
- Taka skal tillit til varmalína ofanflóða við ákvörðun um nýbyggingar á svæðum vestast í Vík, sjá kafla 5.7.
- Gerð verði áætlun um heftingu sandfoks í Vík og tryggt eftir því sem hægt er að sandfok valdi hvorki íbúunum óþægindum, té tjóni á mannvirkjum.



Ljósmynd: Jónas Erlendsson

4.3. Frístundabyggð

Samkvæmt skipulagsreglugerð er „frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.“

Í skipulaginu hefur verið leiðrétt afmörkun og fjöldi frístundabyggðar. Einnig hefur verið skert á þeirri stefnu að ekki sé heimilt að hafa frístundahús í þéttbýlinu í Vík. Ef ráðgert er að byggja fleiri en 2 frístundahús þarf að skilgreina byggingarsvæðið sem frístundabyggð.

Núverandi og fyrirhuguð svæði fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu verða á eftirfarandi stöðum samkvæmt Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028: Í landi Ytri-Sólheima (F1), í landi Reynisdals (F2), í Fellsmörk (F3), í landi Reynisholts 1 (F4), í landi Eystri-Sólheima (F5), í landi Þórisholts (F6) og í landi Eystra-Skagness (F7). Í vissum tilfellum er þarna einnig um að ræða almenna ferðaþjónustu, þar sem einstök hús eru leigð út til lengri eða skemmri tíma.

Tafla 4.2: Yfirlit um frístundabyggð í Mýrdalshreppi

| Nr | Heiti | Stærð | Fjöldi húsa | Leyfilegur fjöldi húsa |
|------|----------------------|---------|-------------|------------------------|
| F1 | Ytri Sólheimar | 1 ha | 2 | 8 |
| F2 | Reynisdalur | 1 ha | 6 | 7 |
| F3a | Fellsmörk | 72 ha | 5 | >42 |
| F3b | Fellsmörk | 15,5 ha | 0 | >9 |
| F3c | Fellsmörk | 39 ha | 5 | >23 |
| F4 | Reynisholt 1 | 6 ha | 0 | 4 |
| F5 | Eystri Sólheimar | 10 ha | 1 | 10 |
| F6 | Þórisholt | 3 ha | 0 | 4 |
| F7 | Eystra Skaganes | 5,5 ha | 0 | 7 |
| F8 | Frístundabyggð í Vík | 4 ha | 0 | 6 |
| F9 | Frístundahús í Vík | 0,5 ha | 1 | 1 |
| Alls | | | | 119 |

Skilmálar vegna frístundabyggðar

- Heimilt er að byggja 2 hús á bújörðum sem ekki tengjast landbúnaði, sbr. kafla 2.6.
- Ekki er heimilt að skilgreina frístundabyggð innan þéttbýlis í Vík, þ.e. þorsins.



Ljósmynd: Birna Viðarsdóttir



5. SAMFÉLAG

Leiðarljós

Áhersla skal lögð á alla grunnþjónustu s.s. menntun og menningu, heilbrigðismálum, útivist og náttúruvá. Slík þjónusta er grundvallaratriði fyrir búsetuvænt samfélag í Mýrdalshreppi.

Markmið / Áherslur

- Stjórnsýsla og grunnþjónusta verði eflid með frekara samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Starfsemi dvalar- og hjúkrunarheimilisins Hjallatúns verði eflid og húsakostur bættur.
- Styrkja og tryggja starfsemi heilsugæslustöðvar í Mýrdalshreppi.
- Áhersla er lögð á að styrkja menntamál, sem einn af grundvallarþáttum til að móta og styðja við búsetuvænt samfélag.
- Fjölbreytni í skólastarfi verði aukin með samstarfi við nágrannasveitarfélög. Áhersla verði lögð á aukna möguleika á fjarnámi, starfsnámi sem og framhalds- og háskólanámi.
- Byggt verði við Víkurskóla svo koma megi allri starfsemi skólans og þjónustu í tengslum við hann fyrir á einum stað. Bæta skal aðstöðu allra nemenda til náms og leikja utandyra.
- Lokið við viðbragðsáætlun sem byggir á áhættumati vegna náttúruvá.
- Tryggðar verði viðeigandi varnir við hugsanlegum náttúruhamförum vegna flóða og goshættu.
- Gerð verði áætlun um heftingu sandfoks í Vík og tryggt eftir því sem hægt er að sandfok valdi hvorki íbúunum áþægindum né tjóni á mannvirkjum.
- Að skapa sem best skilyrði fyrir fjölbreytta útivistarkosti fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti þeirra.

5.1. Forsendur

Grundvöllur fyrir samfélagi í Mýrdalshrepp er vel lýst í skýrslu Byggðastofnunar um byggðapróun, ástand og horfur (2009, bls. 20): „Sérstakar aðstæður hvers svæðis geta varðað samfélag, menningu og náttúruvar og vegið þungt í lífsgæðum íbúa ekki síður en möguleiki til atvinnusköpunar. Á Íslandi sýna kannanir að íbúar á landsbyggðinni meta mikils þætti eins og öruggt, barnvænt umhverfi og samfélag, kyrrð og ró, stuttar vegalengdir t.d. milli heimilis og skóla og til vinnu, samstöðu

íbúa, samkennd og samfélag sem býður upp á mikla þátttöku og virkni hvers og eins. Þessar aðstæður auka sjálfstraust og ánægju íbúanna með eigið samfélag og verða þar með mikilvægir búsetuþættir, verðugt viðfangsefni byggðastefnu. Jákvætt viðhorf íbúanna til eigin samfélags hlýtur að vera undirstaða uppbyggingar.“

Til þess að Mýrdalshreppur viðhaldi búsetu og laði nýja íbúa til sveitarfélagsins þarf góða þjónustu í viðum skilningi. Öll grunnþjónusta s.s. grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli, heilsugæsla og þjónusta við aldraða þarf að vera til staðar og standast kröfur nútímans. Aðgengi þarf að vera að tómstundum og margvíslegri menningu.

Fjöldi nemenda í grunnskóla Mýrdalshrepps árið 2008 til 2009 voru 71. Hefur fjöldi nemenda frá árinu 2002 verið rúmlega 70 (Haagstofan, 2011). Árið 2007 voru um þrjátíu börn skráð í leikskólann, frá eins árs til sex ára.

Viðbúnaður vegna Kötflugoss hefur að öllu leyti batnað á liðnum árum. Jarðvísindamenn vakta Kötlu allan sólarhringinn og telja má öruggt að vara megi við Kötluhlaupi fram Mýrdalssand með nokkurra klukkustunda fyrirvara.

Landnotkunarflokkar í skipulaginu fyrir samfélag eru:

- 5.2 Þjónustustofnanir
- 5.3 Menntamál
- 5.4 Opin svæði til sérstakra nota
- 5.5 Fornminjar
- 5.6 Sorp
- 5.7 Náttúruvá

5.2. Þjónustustofnanir

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal á svæðum fyrir þjónustustofnanir „*fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.*“

Almennt séð hafa íbúar í Mýrdalshreppi góðan aðgang að opinberri þjónustu, enda nýtur sveitarfélagið góðs af tiltölulega fjölpætri þjónustu sem finna má í Vík.

Önnur þjónusta er að mestu sótt til höfuðborgarsvæðisins. Margvísleg þjónusta er í boði s.s. leikskóli og grunnskólamenntun, tónlistarskóli ásamt heilsugæslu, dvalarheimili- og heimaþjónustu fyrir aldraða. Ennfremur má nefna vegapjónustu og pósthjónustu.

Skólalóðin býður uppá góða möguleika á viðbyggingu við skóla. Góð útisundlaug er við skólann. Á útisvæði við skóla er körfubolta- og sparkvöllur og í næsta nágrenni er íþróttavöllur.

Héraðsbókasafn Mýrdalshrepps og skólabókasafn er í Vík. Heilsugæsla er í Vík og Slökkvilið.

Mýrdalshreppur rekur Hjallatún í Vík, sem er dvalarheimili fyrir aldraða. Þar eru dvalarrými fyrir 8 og hjúkrunarrými fyrir 10 einstaklinga. Mýrdalshreppur hefur aukið heimaþjónustu á undanföllum árum og leggur áfram áherslu á þá þjónustu.

Tafla 5.1: Helstu þjónustustofnanir í Mýrdalshreppi

| Nr | Þjónustustofnanir | Lýsing svæðis |
|-----|--|---|
| Þ1 | Stjórnsýsluhús Mýrdalshrepps | Bæjarskrifstofur |
| Þ2 | Leikskólasvæði | Leikskólinn er í fyrrum íbúðarhúsi. |
| Þ3 | Svæði fyrir heilsugæslu og dvalarheimili aldraða | Heilsugæsla, Hjallatún, íbúðir fyrir aldraða o.fl. |
| Þ4 | Lóð Víkurkirkju | Kirkjan stendur í miklu opnu rými og er einkenn-andi fyrir Vík ásamt náttúrumyndunum. |
| Þ5 | Lóð þar sem sýslumannsembættið hefur aðstöðu og óbyggð lóð | Sýslumannsembætti. |
| Þ6 | Lóð félagsheimilis Leikskála | Lóð félagsheimilis við Víkurbraut. |
| Þ7 | Víkurskóli | Leik-, grunn- og tónskóli Mýrdalshrepps. |
| Þ8 | Kirkjulóðir á Reyni ásamt félagsheimilinu Eyrarlandi | Tvær aðskildar lóðir. |
| Þ9 | Skeiðarflatakirkja og kirkjugarður | Kirkjulóð, með nægu rými. |
| Þ10 | Sólheimakapella og kirkjugarður | Lóð kapellu. |
| Þ11 | Dyrhólaeyjarvíti | Lóð vitans er afmörkuð. |

Skilmálar vegna þjónustustofnana

- Almennt skal miða við að nýtingarhlutfall á lóðum þjónustustofnana sé um 0,5-0,7.
- Við breytingar og/eða nýbyggingar skal huga að götumynd eldri hverfa og taka mið af ákvæðum um húsafríðun, sjá kafla 5.5.

5.3. Menntamál

Mikilvægt skref var tekið í menntamálum í Mýrdalshreppi þegar leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli voru sameinaðir í einn skóla 1. ágúst 2009 og ber skólinn heitið Víkurskóli. Mýrdalshreppur hefur sett sér menntastefnu (Mýrdalshreppur, 2010). Í henni skuldbindur sveitarfélagið sig til að standa vörð um menntun nemenda, hvort heldur er í leik-, grunn- eða tónskóla og leggur sig fram um að gera aðstæður eins góðar og unnt er hverju sinni.

Í menntastefnu koma m.a. fram þættir sem snúa að skipulagi og ber að taka tillit til við gerð skipulagsáætlana á skólasvæði og nágrenni þess. Helstu þættirnir eru (Mýrdalshreppur, 2010):

- Að skóli sveitarfélagsins sé í tengslum við umhverfi sitt, náttúru, menningu og atvinnulíf.
- Að húsnæði, búnaður og leiksvæði skólans séu í samræmi við lög og reglugerðir hverju sinni.
- Skipulag umferðar ökutækja við byggingar, þar sem starf með börnum og unglingum fer fram, sé með þeim hætti að öryggi fólks sé tryggt.
- Tryggja að úti- og innleiksvæði séu fjölbreytt og námshvetjandi.
- Húsnæði skólans nýtist til tómstunda- og félagsstarfa.
- Að nemendum og íbúum verði boðið upp á aðstoðu til framhaldsnám í fjarnámi.
- Að Víkurskóli verði vettvangur fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi, símenntun og fullorðinsfræðslu íbúa í sveitarfélaginu.

Mýrdalshreppur leggur áherslu á mikilvægi sí- og endurmenntunar á öllum sviðum atvinnulífsins. Í stefnumótun Rangárþings og Mýrdals 2005-2010 kemur fram að efla þurfi möguleika til fjarnáms með samstarfi við Fræðslunet Suðurlands og aðrar menntastofnanir. Sérstakar kynningar á möguleikum fjarnáms verði haldnar í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Samstarf við Háskólafélag Suðurlands skiptir Mýrdalshrepp miklu máli, því þar er miðstöð fyrir háskólaþekkingu og þar eru góð tengsl við Háskólana.

Mikilvægar aðgerðir sem ráðast þarf í eru:

- Að færa skólastigin 3 í eitt húsnæði.
- Að tryggja háhraðatengingar meðal annars til að auka möguleika á fjarnámi.
- Að háskólanám tengist starfsemi í Gunnarsholti.
- Að skapa aðstöðu fyrir fræðimenn og stúdenta til rannsókna og gagnaöflunar í tengslum við náttúru og sögu Mýrdals og nágrennis.



Ljósmynd: Jónas Erlendsson

5.4. Opin svæði til sérstakra nota

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru opin svæði til sérstakra nota „svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reidvöllir, rallybrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.“

Möguleikar til útivistar eru miklir í Mýrdalshreppi. Stór svæði innan þéttbýlis eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Stærst þeirra er svæðið ofan byggðarinnar. Í þéttbýlinu er auk þess tjaldsvæði (T), íþróttasvæði (Íþ1 og Íþ2), lystigarður (L), hesthúsasvæði (H), golfvöllur (G), kirkjugarður (K) og minningarlundur (M), sjá þéttbýlisupprátt.

Gott íþróttasvæði (Íþ) er í Vík sem er í nánd við Víkurskóla og þar hefur einnig verið lokið byggingu íþróttahúss og sundlaugar. Golfvöllurinn (G) er 9 holu völlur og heimilt er að stækka í samræmi við þarfir.

Gert er ráð fyrir nokkurri stækkun kirkjugarðsins í Vík (K), til norðurs.



Í Landnámabók getur um einn fyrsta bústað norræna manna á Íslandi í Hjörleifshöfða með komu Hjörleifs Hróðmarssonar, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar, í upphafi landnáms.

Á sveitarfélagsupprætti eru skilgreind fjölmörg opin svæði til sérstakra nota. Stór hluti þeirra er kirkjugarðar og má þar nefna kirkjugarða við Reyniskirkju (O17), á Eystri-Dyrhólum (O19), í Höfðabrekku (O20) og Kerlingardal (O21). Þessir kirkjugarðarnir, sem eru umhverfis kirkjurnar eða í nágrenni við þær, eru taldir fullnægja þörfum á skipulagstímabilinu.

Skeiðvöllur er við Pétursey (O22) og skógræktarsvæði í Fellsmörk (O23), Gjögurum (O24) og í Heiðardal (O25). Útivistarsvæði er skilgreint í Dyrhólaey (O15). Íþróttasvæði (O14) er við Pétursey, norðan Hringveggar.

Þótt sléttir og grónir sandar neðan við Vík og víðar í Mýrdalshreppi séu ekki skilgreindir sem útivistarsvæði, og ekki sé gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum á þessum svæðum, munu þau hafa aðdráttarafl fyrir þá sem kjósa útivist og náttúruskoðun. Sama gildir um ýmsa aðra staði upp til landsins, enda er gert ráð fyrir áhugaverðum göngu- og reiðleiðum til að tengja þá við byggð, sjá kafla 3.9.

Skilmálar á opnum svæðum til sérstakra nota

- Almennt er heimiluð mannvirkjagerð á opnum svæðum til sérstakra nota, enda tengist hún nýtingu svæðisins.
- Á hesthúsasvæði er heimiluð uppbygging í tengslum við notkun þess s.s. hesthús, keppnis- og æfingaaðstaða og áhorfendastæði. Þegar hefur verið byggður reiðvöllur.
- Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á syðra hesthúsasvæðinu fyrr en reynsla er komin á virkni sandfangara í Vík, þar sem það er nærri strandlengju og er tiltölulega óvarin fyrir ágangi sjávar.
- Ef ráðgert er að ráðast í uppbyggingu mannvirkja er nauðsynlegt að vinna deiliskipulag fyrir svæðið sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota eða næsta nágrenni fyrirhugaðra mannvirkja.

5.5. Fornminjar

Í Mýrdalshreppi hefur farið fram skráning fornminja í þéttbýlinu Vík (Katrín Gunnarsdóttir, 2004) og svæðisskráning fornminja í Mýrdalshreppi (Fornleifastofnun Íslands, 2011).

Þær minjar sem eru skrásettar í Vík eru búsetuminjar frá sjósókn, landbúnaði og ræktun. Þær eru að mestu frá þeim tíma sem Vík er að breytast í þéttbýlisstað, og farið er að stunda sjósókn með búskap. Fyrsta húsið í hinum eiginlega Víkurkaupstað er reist árið 1896 (Katrín Gunnarsdóttir, 2004). Við

fornleifaskráningu er Vík skipt í Norður-Vík og Suður-Vík. Staðsetning fornminja í Norður-Vík er sýnd á mynd 5.1a og í Suður-Vík á mynd 5.1b.

Norður-Vík

Norður-Víkur bærin (1) er nú alveg horfinn undir bílastæði Norður-Víkur. Eldhúsbrekkann, öskuhaugurinn og bæjarhóllinn (2) eru þó enn á sínum stað og þar hafa verið gróðursett tré. Hóllinn er í hættu vegna þessa.

Túngarður (12) Norður-Víkur er vel sýnilegur nyrst í túninu og ætti að taka tillit til hans ef einhverjar framkvæmdir verða og/eða trjárækt á því svæði sem hann liggur um.

Vestast í túni Norður-Víkur á austur brún Víkurárinna er Völvuleiði (14) sem er mjög sérstakt að lögun í skeifulagaðri umgjörð. Þar er sagt að hvíli á römm fornleska og má þar ekki slá eða hreyfa við nokkru, því þá getur illa farið.

Hálfkirkja/bænhús (15) er sögð hafa verið á Syngjanda. Þar sést smá bunga í landinu sem geta verið leifar hennar. Þarna hafa verið gróðursett tré, og væri best að þau yrðu fjarlægð áður en að þau verða stærri, en það skal gert með varúð. Ef þarna hefur verið hálfkirkja kann að vera að þarna sé líka kirkjugarður.

Úti við Bandastein eru tóftir (23, 24, 25) sem engar heimildir eru til um. Það er trúlegt að þær tengist sjósókn og/eða öðru sem við kemur búskap. Þær ættu því að fá að vera óhreyfðar.

Undir Reynisfjalli er mikið af hleðslum kringum kálgarða (26) sem þarna eru ásamt kofum (27, 28, 29, 30). Þeir eru enn í notkun eins og eins og kálgarðarnir svo hleðslur garðanna hverfi ekki.

Suður-Vík

Húsið Suður-Vík (1) (byggt 1902) og fjósið (3) (byggt 1902) sem er norðan við það, hafa fengið nýtt hlutverk og er viðhaldið í samræmi við það.

Eldhúsbrekkja/Öskuhaugur og bæjarhóll (2) Suður-Víkur eru þó í verulegri hættu vegna trjágróðurs. Í öskuhaugnum má eflaust finna mikið af upplýsingum sem varða búsetu í Suður-Vík í gegnum tíðina.

Á fyrirhugðu byggingarlandi Víkur vestan við kirkjugarðinn eru tóftir og garður (15, 16, 17) sem ætti að taka tillit til við skipulagningu svæðisins.

Tóft, túngarður (gerði) og ræktunarreit (20) er norðan við bílastæði Víkurkirkju. Minjar um skepnuhald og ræktun sem vert er að huga vel að og varðveita.

Túngarður Suður-Víkur (21) er heillegur og ætti að taka tillit til hans ef einhverjar framkvæmdir verða sem gætu skaðað hann á einhvern hátt.

Grjóthlaðin rétt (26) var nýtt af Norður- og Suður-Vík, og ætti ekki að gróðursetja innan veggja hennar eða nær henni en 20 m frá veggjahleðslum allt í kringum hana.

Í Víkurbaðstofu (34, 35) eru tvö vel hlaðin grjótbyrgi. Líklegt má telja að þarna sé um mjög gamlar hleðslur að ræða og ætti að huga vel að þessum stað.

Friðlýstar fornminjar

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Friðlýstar fornminjar eru taldar upp í töflu 5.2.

Skilmálar vegna fornminja

- Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Mýrdalshreppur mun ljúka við fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu fyrir árið 2028. Sveitarfélagið mun gera áætlun um skráningu í samráði við minjavörð. Þau svæði þar sem áform eru um framkvæmdir verði forgangsraðað fremst.




Hjörleifshaugur. Ljósmynd: Þórir Kjartansson

Tafla 5.2 Friðlýstar fornminjar í Mýrdalshreppi.

| Heiti | Lýsing |
|----------------|--|
| Garðar | 1. Rústir eyðibýlisins Hella, austur af háhrygg Hellnaskaga. 2. Bæjarhellir (Baðstofuhellir) sunnan í Hellnaskaga, með höggnu útskoti og kroti á hellisveggjunum, þar sem séra Jón Steingrímsson bjó veturinn 1755-1756. Þinglýst 28.12.1983. |
| Hjörleifshöfði | Dys Hjörleifs, uppi á höfðanum, þar sem hann er hæstur. Sbr. Árbók 1909: 19. Þinglýst 06.06.1931. |
| Loftsalir | Loftsalahellir, hinn forni þingstaður Dyrhólahrepps og Gálgaklettur vestanvið hamarinn, sem hellirinn er í. Þinglýst 15.11.1984. |
| Norður-Hvammur | Hellir, er Moldi heitir, fyrir sunnan túnid; hann er að innanverðu mannaverk. Sbr. Árbók 1909: 23. Þinglýst 06.06.1931. |
| Sólheimar | Gömul bæjarrúst, þar sem heitir Bæjarstaður (eða Fornu-Sólheimar), í dálitlu dalhvarfi sunnan í Sólheimesi. Inn úr dalhverfinu ganga tvær lautir og er bæjarrústin framaní balanum á milli þeirra. Sbr. Árbók 1909: 21-22. Þinglýst 05.06.1931. |
| Stóra-Heiði | A. „Loddahellar“, svo nefndir, þrír saman, í berginu fyrir innan túnlækinn. B. „Loddapollur“, er svo heitir, kringlótt dæld með þúfu í miðju, suður í túninu, og er nær 5 faðma í þvermál. Sbr. Árbók 1909: 22. Þinglýst 06.06.1931. |
| Þórisholt | Þórisholt. A. Þórishaugur, svo nefndur, norður í túninu, eigi allitill og að ofan eins og samanfallinn, með þúfu í miðju. B. Íluhaugur, svo nefndur, suður á túninu; hann er að öllu útliti mjög líkur Þórishaug, en talsvert minni. Sbr. Árbók 1909: 21. Skjal.10. Þinglýst 06.06.1931 |

Heimild: Fornleifanefnd (1990)

Staðir merktir á sveitarfélagsupprátt



**Mynd 5.1a Staðsetning
formninja í Norður-Vík**

Heimild: Katrín Gunnarsdóttir (2004).



Mynd 5.1b Staðsetning formninja í Norður-Vík

Heimild: Katrín Gunnarsdóttir (2004).

Húsafríðun

Fjöldmörg hús í Mýrdalshreppi hafa menningarlegt gildi sökum aldurs og notkunar. Þessi hús setja afgerandi svip á byggðina í Vík.

Samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104/2001 eru öll hús, sem reist eru fyrir 1850, fríðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Kirkjan á Skeiðflöt var vígð árið 1900 og er því fríðuð skv. ofangreindum lögum.

Leyfi þarf hjá húsafríðunarnefnd ef breyta, flytja eða rífa á hús sem eru reist fyrir 1918. Fjöldmörg hús falla í þennan flokk, sbr. töflu 5.3.

Tafla 5.3: Hús sem reist eru fyrir árið 1918

| Mannvirki | Byggingarár |
|----------------------------------|-------------|
| Skeiðflöt; fjárhús | 1882 |
| Litla-Heiði; hlaða | 1890 |
| Víkurbraut 28 í Vík; Brydebúð | 1895 |
| Víkurbraut 34; íbúð | 1899 |
| Giljur, fjós | Fyrir 1900 |
| Víkurbraut 22 ; Bindindishúsið | 1900 |
| Víkurbraut 22 a; Gamla símstöðin | 1900 |
| Víkurbraut 30 a; Einarstaðir | 1901 |
| Víkurbraut 30 b; Hamar | 1901 |
| Austurvegur 11 b í Vík; Hjalli | 1902 |
| Suðurvíkurvegur 1; Suður-Vík | 1902-1920 |
| Suðurvíkurvegur 1; Suðurv.fjós | 1902 |
| Víkurbraut 20; íbúð | 1902 |
| Víkurbraut 20; geymsla | 1902 |
| Víkurbraut 20a; íbúð | 1902 |
| Giljur; íbúð | 1903 |
| Skeiðflöt; geymsla | 1904 |
| Víkurbraut 16; íbúð | 1904 |
| Víkurbraut 16; Halldórsbúð | 1904 |
| Víkurbraut 19; Strönd | 1905 |
| Víkurbraut 32; Lundur | 1905 |
| Víkurbraut 32 a; Lundur | 1905 |
| Suður-Hvammur; íbúð | 1906 |
| Eystri-Pétursey; hesthús | 1907 |
| Víkurbraut 18; Sólheimar | 1907 |
| Víkurbraut 24 a; gamla hótelið | 1908 |
| Víkurbraut 30; Sigurðarstaðir | 1908 |

Tafla 5.3: Hús sem reist eru fyrir árið 1918, framhald

| | |
|----------------------------|------|
| Reynishólar; íbúð | 1910 |
| Kirkjuvegur 2; Sandfell | 1910 |
| Víkurbraut 12; íbúð | 1910 |
| Víkurbraut 30 c; Lækjamót | 1910 |
| Stóri-Dalur; íbúð | 1912 |
| Víkurbraut 10; íbúð | 1912 |
| Víkurbraut 11 a; íbúð | 1912 |
| Kirkjuvegur 3; Hof | 1913 |
| Eystri-Dyrhólar; geymsla | 1914 |
| V-Pétursey; fjárhús | 1915 |
| Víkurbraut 24; Sælundur | 1915 |
| Víkurbraut 24; geymsla | 1915 |
| Víkurbraut 26; Hótel Lundi | 1916 |
| Eystri-Dyrhólar; geymsla | 1917 |

Skilmálar vegna húsafriðunar

- Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

5.6. Úrgangur

Í Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu 2008-2020 (Environice, 2009) kemur fram að magn úrgangs sveiflast mikið eftir árstímum vegna ferðaþjónustu og þarf meðhöndlun úrgangs að taka mið af því. Heildarmagn úrgangs í Mýrdalshreppi var áætlað 672 tonn árið 2008 (sjá töflu 5.4). Miðað við forsendur Environice (2009) er lífrænn úrgangur áætlaður 61,15% af heildarmagni úrgangs. Samkvæmt því ætti lífrænn úrgangur í sveitarfélaginu að vera 411 tonn, en skv. töflu 5.4 er hann talsvert minni.

Tafla 5.4: Skipting og áætlað magn úrgangs í Mýrdalshreppi árið 2008

| Tegund úrgangs | Magn í tonnum |
|--|---------------|
| Blandaður úrgangur (urðaður) | 184 |
| Blandaður bygginga- og niðurrifsúrgangur (urðaður) | 262 |
| Pappi (urðaður) | 27 |
| Pappír (endurvinnsla) | 6 |
| Garðaúrgangur (landgræðsla) | 17 |
| Seyra (urðuð) | 30 |
| Heyrúlluplast (endurvinnsla) | 22 |
| Hjólbarðar (endurvinnsla) | 20 |
| Brotajárn (endurvinnsla) | 104 |
| Alls | 672 |

Heimild: Environice (2009)

Úrgangur er hirtur vikulega yfir sumarmánuðina, frá 15. maí til 15. september, en á tveggja vikna fresti í annan tíma og er hirt bæði frá heimilum og fyrirtækjum í sömu ferð.

Tafla 5.5: Áætlað sormagn fyrir Mýrdalshrepps og Rangárþings eystra, austan Markarfljóts

| Árið | Áætlað magn | Leyfileg urðun |
|------|-------------|----------------|
| 2013 | 1.008 | 337 |
| 2020 | 1.168 | 236 |

Heimild: Environice (2009)

Flokkun úrgangs

Mýrdalshreppur stefnir að því að taka upp aukna sorphlokkun og liður í því er að taka upp svokallað tveggja tunnukerfi og skapa aðstæður til frekari flokkunar á grófari úrgangi. Er flokkun úrgangs helsta leið sveitarfélagsins til að ná markmiðum um að draga úr magni úrgangs sem verður urðað, sbr. töflu 5.5.

Förgun úrgangs

Gert er ráð fyrir einum urðunarstað við Uxarfótalæk í stað tveggja. Áfram verður urðuð seyra, sunnan við Hringveg. Stefnt er að því að loka urðunarsvæði ofan við Hringveg og það skilgreint sem víkjandi. Úrgangur verður í stað þess fluttur á Skógsand í Rangárþingi eystra, sem verður sameiginlegt urðunarsvæði Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Þar til að tekinn er í not sameiginlegt urðunarsvæði mun þó enn verða urðað við Uxarfótalæk, en honum lokað þegar framtíðarlausn er fundin.

Heimild hefur verið fyrir urðun á allt að 80 tonnum á ári af seyru og byggingaúrgangi.

Skilmálar og aðgerðir vegna úrgangs

- Í samræmi við Staðardagskrá 21 mun Mýrdalshreppur fara yfir fyrirkomulag við urðunar seyru til að tryggja að ekki stafi hættu af henni.
- Endurskoða þarf magnheimild til urðunar seyru eftir að urðunarstað fyrir byggingaúrgangi hefur verið lokað.
- Samráð verður við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun um lokun urðunarsvæðis við Uxarfótalæk.



Ljósmynd: Þórir Kjartansson

5.7. Náttúruvá

Náttúruvá í Mýrdalshreppi eru vegna eldsumbrota, hlaupa og landbrots. Sögulegar heimildir eru til um eldsumbrot í Köttlu frá landnámi, með jökulhlaupum um Mýrdalssand og Sólheima- og Skógasand, að því er ætla má. Stór jökulhlaup hafa einnig farið um farvegi Markarfljóts vegna eldsumbrota í Mýrdals- og Eyjafjallajökli.

Katla er eldstöð í fjallendi undir suðaustanverðum Mýrdalsjökli. Helstu vatnasvæði undir Mýrdalsjökli eru vatnasvæði áa á Mýrdalssandi til austurs og suðurs, vatnasvæði Jökulsár á Sólheimasandi til suðurs og vatnasvæði Markarfljóts til vesturs. Helstu vatnsföll sem flytja leysingavatn frá norðaustur- og austurjöklinum eru Brennivínkvísl, Jökulkvísl og Leirá sem renna í Hólmsá sem síðan sameinast Kúðafljóti og svo Múlakvísl. Innri- og Fremri-Emstruá renna frá norður- og norðvesturhlutanum og mynda ásamt Krossá og fleiri ám í vestri Markarfljót. Frá suðurhlutanum renna aðallega Jökulsá á Sólheimasandi og Klifandi.

Alvarlegustu áhrif eldgosa undir Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli eru jökulhlaup. Jökulhlaup sem fylgdi Kötlugosinu 1918 er ætlað að hafa náð allt að 300.000 m³/sek. Ennfremur fylgir gjóskufall (heildarmagn á bilinu 0,5-1,5 km³), stöðurafmagn í lofti (static) með miklum eldingum, flúormengun og flóðbylgja á sjó (hafnabylgja).

Við Kötlugos má búast við jökulhlaupum undan Kötlujökli og fram úr Krika út á Mýrdalssand, undan Sólheimajökli út á Sólheima- og Skógasand og undan Emstrujökli út í farveg Markarfljóts. Frá landnámsöld hafa langflest hlaup fallið niður á Mýrdalssand en einungis örfá niður á Sólheima- og Skógasand.

Líklegasta afleiðing jökulhlaupa undan Mýrdalsjökli er rof á samgöngumannvirkjum, rafmagns- og símalínunum og ljósleiðara. Alvarlegustu afleiðingar jökulhlaupa geta orðið að fólk, hús, uppgræðsla á söndum og tæki geta orðið hlaupum að bráð. Afleiðingar gjóskufalls frá eldgosum koma fram undan vindi á hverjum tíma frá eldstöðinni. Eiturefni og aska geta torvelað öndun og lungu skaddast. Gjóskufall á raflinur, tengivirki og loftnetsbúnað geta valdið skammhlaupi og skemmdum, sérstaklega í votviðri. Afleiðing stöðurafmagns í lofti sem bundið er við gosmökkinn, eru truflanir og skemmdir á rafbúnaði, síma- og talstöðvabúnaði og mannvirkjum. Lífshætta getur skapast af eldingum. Flóðbylgjur á sjó myndast þegar jökulhlaupið nær til sjávar (Orion ráðgjöf, 2000).

Öll byggð í Mýrdalshreppi býr við ógn eldgosa og flóða því samhliða og sjórinn hefur lengi ógnað byggð í Vík. Væntingar standa til að þær sjóvarnaraðgerðir á undanförmum árum sem ráðist hefur verið í dugi til að núverandi sjávarkambur standi þar sem hann er í dag. Þetta er háð óvissu, m.a. um sjávarborðshækkun, eldgos og flóð. Slíkar náttúruváir ógna byggð í Mýrdalshreppi.

Standi vegi sunnan byggðarinnar í Vík ógn af hækkun sjávarborðs eða eldgosum og flóðum mun að öllum líkindum sama gilda um byggðina sjálfa. Því kann að vera nauðsynlegt að ráðast í frekari varnaraðgerðir, óháð því hvort vegur verður lagður eða ekki. Til framtíðar verður að horfa til þess að fullnægjandi sjóvarnir verndi byggðina í Vík og er það forgangsmál varðandi framtíðarþróun byggðar í Mýrdalshreppi.

Viðbrögð vegna Kötluhlaupa

Til að bregðast við hættu af völdum Kötluhlaupa hafa verið gerðar áætlanir um rýmingu ákveðinna svæða, sem byggja m.a. á áætluðum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og hermun Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Rýmingaráætlanir í Mýrdalshreppi ná til hluta Víkur, hluta Sólheimabæja og Höfðabrekku. Hluti þorpsins hefur verið skilgreindur sem rýmingarsvæði. Á rýmingarsvæðinu eru allflestir vinnustaðir í þorpinu s.s. grunnskólinn í Vík, Víkurþjón, verslanir, þjónustuaðilar, opinberar stofnanir og iðnaðarverfð í þorpinu. Rýmingarsvæðið í Vík hefur verið skilgreint á eftirfarandi hátt: Allar byggingar við Víkurbraut, Sunnubraut, Mánabraut, Árbraut, Kirkjuveg og Klettsveg

auk allra bygginga við Austurveg sunnan Suðurvíkurvegar. Á skilgreindu rýmingarsvæði eru íbúðarhús, hótél, tjaldsvæði, grunnskóli, íþróttamiðstöð og ýmis konar atvinnustarfsemi.

Á Höfðabrekku eru þrjú íbúðarhús og stórt hótél. Gert er ráð fyrir að rýma Höfðabrekku ef jökulhlaup frá Kötlu eru yfirvofandi. Sama á við um bæi á Sólheimasandi, að rýma þarf alla bæi norðan þjóðvegarsins.

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur reiknað frams hlaups út frá hermun Jarðvísindastofnunar, annars vegar niður Mýrdalssand og hins vegar niður Sólheimasand. Samkvæmt þeim útreikningum er, frá upphafi goss, gert ráð fyrir að jökulhlaup undan Sólheimajökli nái þjóðvegi 1 á u.þ.b. 50 mínútum. Íbúar á því svæði hafa því mjög skamman tíma til að yfirgefa heimili sín. Frá Kötluhlöi við Pétursey að afleggjaranum að Sólheimabæjum er 2,7 km.

Miðað við forsendur, staðsetningu Víkur og varnargarða er talið að byggð í Vík sé ekki í umtalsverðri hættu vegna Kötluhlaups.

Ýmsir varnargarðar eru í Mýrdalshreppi vegna jökulhlaupa. Landgræðsla ríkisins fer með framkvæmd laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti. Auk þess hefur Landgræðslan verið í samvinnu með Vegagerðinni um gerð varnargarða. Varnargarðar eru víða í Mýrdalshreppi en þeir helstu eru eftirfarandi:

- Varnargarðar við Höfðabrekkujökul, vegna Múlakvísar
- Kötluagarður í Vík
- Varnargarðar við Klifanda
- Varnargarðar við Kerlingardalsá
- Varnargarðar við Hafursá
- Varnargarðar við Jökulsá

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að fylgst verði með aðstæðum og gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi íbúa og vernda mannvirki í Mýrdalshreppi. Skipulagið gerir ráð fyrir því að unnt sé að viðhalda, stækka, breyta og bæta við nýjum varnargarðum án sérstakra aðalskipulagsbreytinga, enda liggja fyrir skýrir og aðkallandi almannahagsmunir. Sjá einnig skilmála um varnargarða í kafla 1.3 um landbrot sem ógnar nytjalöndum, mannvirkjum og gróðurlendum í samræmi við lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.



Mynd 5.2 Helstu leiðir jökulhlaupa úr Mýrdalsjökli vegna eldsumbrota í Kötlu

Heimild: Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra (2011)

Sjóvarnir

Ekki hefur verið ráðist í gerð sjóvarna við Vík. Árið 1995 var byggður um 1,6 km langur flóðvarnargarður framan við byggðina í Vík. Garðurinn nær 450 m vestur fyrir Víkurá og liggur nálægt því sem strandlína var um 1919. Austan Víkurár krækir garðurinn suður fyrir hús sunnan þjóðvegars og sveigir síðan í átt að þjóðvegi og endar þar um 230 m vestan Kötluagarðs, sem byggður var til varnar flóðöldu frá Kötluhlaupi (Siglingastofnun, 2011).

Í sjóvarnarskýrslu Siglingastofnunar (2011, bls. 39) kemur fram að „Ölduálag við strönd framan við vík er eitt það sem mesta sem getur orðið hér við land. Landið framan við Víkurhamra er að mestu mótað af sandframburði úr Kötluögsum. Jarðvegur því laus og ná öldustraumar að hreyfa botnefni niður á tuga metra dýpi. Fram að Kötluögosi (1904-1919) var mikið landbrot og lá þá vegurinn uppundir Víkurhömrum þar sem Klettsvegur er í dag. Eftir Kötluögosið 1918 færðist ströndin við Vík fram um 500 til 600 m en um 1970 tók strandlínan aftur að færast nær byggðinni. Var landbrotið einna mest á árunum 1989-1994, en þá voru suðvestlægar vindáttir ríkjandi. Landrof framan við Víkurkaupún er nú orðið 350 til 450 m frá því ströndin tók að hopa um 1970.“

Siglingastofnun (2011) metur flóðahættu mikla í Vík. Í sjóvarnarskýrslu stendur að um áramótin 1997-1998 kom eitt mesta flóð sem heimamenn muna. Flæddi þá sjór inn um opið á flóðvarnargarðinum þar sem Víkurá rennur til sjávar en mikið vatn var í ánni. Annars staðar hindraði flóðgarðurinn að sjór flæddi inn í byggðina.

Tafla 5.6: Yfirlit um þörf á nýrri sjóvörn eða styrkingu á eldri vörn

| Sjóvamir | Lýsing | Flokkun* |
|---|--|----------|
| Sjóvörn vestan Víkurár (í framkvæmd 2011) | Garður fram í sjó móts við Víkurána með stefnu beint í ölduna, sandfangari, sem hefta á efnisburð til austurs og viðhalda sandfjöru vestan garðsins. Lengd um 280 m. | A |
| Styrking flóðvama | Flóðvarnargarðurinn frá 1995 hefur þegar sannað gildi sitt. Þar sem sú ákvörðun var tekin að byggja ekki utan á hana öfluga sjóvörn eins og upphaflega var ráðgert er þörf á að viðhalda honum og styrkja enn frekar. Gert er ráð fyrir að flóðgarðurinn verði lengdur um 200 m í vestur í átt að Reynisfjalli og breytt opi við Víkurá til að síður flæði þar inn. Setja í skörð ef þau myndast og e.t.v. hækka garðinn og/eða færa til að hluta. Efnisþörf: 10.000 m ³ ármöl. | B |
| Sjóvörn austan Víkurár | Austan við sandfangarann er líklegt að landrof verði áfram og í framtíðinni má gera ráð fyrir öðrum sandfangara 500-600 m austan við þann sem nú er verið að byggja. Það ræðst þó af því hversu góð reynsla verður af þeim fyrri. Efnisþörf: 50.000 m ³ . | B-C |

Heimild: Siglingastofnun (2011)

*Forgangsflokkun Siglingastofnunar (2011):

A: Áhættukafli samkvæmt reynslu. Mikil verðmæti í húfi og öryggismál fyrir íbúana. Mjög aðkallandi framkvæmd.

B: Nokkur áhætta og töluverð verðmæti eru í húfi en ekki eins mikil og í A, t.d. færri hús eða minni líkur á að tjón verði mikið. Nauðsynleg framkvæmd sem kemur á eftir A-framkvæmdum.

C: Minni áhætta en í B og/eða minni verðmæti í húfi, en æskileg eða nauðsynleg framkvæmd engu að síður. Gæti þurft að endurmeta flokkun síðar, t.d. ef landbrot hefur stýtt vegalengd frá fjörukambi að mannvirki eða grafið hefur frá undirstöðum húsa. Æskileg eða nauðsynleg framkvæmd.

Auk ofangreindra aðgerða telur Mýrdalshreppur mikilvægt að lengja flóðvarnargarðinn til austurs um 230 m að Kötlugarði. Slíkar áætlanir voru í drögum að Sjóvarnarskýrslu í júlí 2011. Sjóvarna- og flóðvarnargarðar skv. Sjóvarnarskýrslu eru sýndir á þéttbýlisupprætti, að undanskildum mögulegum nýjum sandfangara. Frekari reynsla þarf af fyrri fangar áður en nýr verður staðfestur á skipulagi.

Dyrhólaós

Við ákveðnar veðurfarsaðstæður getur það gerst að sandur heftir útfall í Dyrhólaósi. Þetta gerist einkum þegar austan- og suðaustanáttir með mikilli úrkomu eru ríkjandi. Staða sjávarstrauma hefur einnig áhrif. Við þessar aðstæður hækkar vatnsborðið í ósnum og tekur að flæða yfir nálæg tún og getur valdið skemmdum og kali á tünnum. Nauðsynlegt hefur verið að rjúfa haftið til varnar landbroti í norðurhluta óssins.

Skilmálar vegna flóðahættu

Afmörkuð er lína sem takmarkar byggingar. Ef byggja á sjávarmegin við línuna þarf að huga að hvers konar starfsemi geti farið þar fram. Einnig þarf að kanna hvort unnt sé að hafa gólfkóta í 4,7 til 5,7 m, skv. skýrslu um Lágsvæði í Vík í Mýrdal (Fjarhitun, 1994).

Ofanflóð

Undir ofanflóð flokkast snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallahlíðum hlaupa fram. Samkvæmt hættumati Veðurstofu Íslands (2009) er hætta á berghlaupum og grjóthruni úr Reynisfjalli sunnan Króktorfuhauss og úr Víkurhömrum ofan golfvallarins. Hættusvæði hefur verið afmarkað undir Króktorfuhauus en hætta á skriðuföllum frá Víkurhömrum er ekki talin ná inn á hættumetna svæðið. Snjóflóða- og aurskriðuhætta er undir lágri brekku við Víkurbraut og undir hlíðinni sem teygir sig upp í Króktorfuhausinn. Snjóflóðahætta úr Reynisfjalli ofan Bakkabrautar og Mýrarbrautar og úr hlíðinni neðan Hrafnatinda og Víkurheiðar er ekki talin ná inn á hættumetna svæðið.

Samkvæmt hættumatinu (Veðurstofa Íslands, 2009) eru fjögur íbúðarhús og tvö atvinnuhús við Víkurbraut á B-svæði og tólf íbúðarhús og þrjú atvinnuhús þar eru á A-svæði, einkum vegna snjóflóðahættu. Sex gistiskálar og þrjár bílskúrar norðan Klettsvegur eru á A-svæði vegna grjóthruns- og snjóflóðahættu. Engar byggingar eru á hættusvæðunum sem afmörkuð eru undir Reynisfjalli vestast á hættumetna svæðinu, sjá þéttbýlisupprátt.

Afmörkuð eru hættusvæði skipulagsuppráttum skv. flokkun A, B og C sbr. reglugerð 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Hættumatsnefnd Mýrdalshrepps og Veðurstofa Íslands mæla með því að óstyrkt atvinnu- eða íbúðarhúsnæði verði ekki reist á skilgreindum hættusvæðum í Vík í Mýrdal nema að vel athuguðu máli þótt ákvæði núverandi reglugerðar kunni að heimila slíkt í ákveðnum tilvikum (Veðurstofa Íslands, 2009). Undir lágum brekkum eru hættusvæði í flestum tilvikum lítil að umfangi og víðáttumikil athafnasvæði fyrir nýjar byggingar eru utan hættusvæða. Því er ekki miklu til kostað að fara varlegar en reglugerðin heimilar að þessu leyti.

Skilmálar og aðgerðir vegna ofanflóða

- Svæði A: Heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús og skóla, og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.
- Svæði B: Atvinnuhúsnæði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús með sérstökum styrkingum þar sem búist er við miklum mannsöfnuði, s.s. fjölbýlishús, sjúkrahús og skóla.
- Svæði C: Engar nýbyggingar nema frístundahús ef staðaráhætta er minni en $5 \cdot 10^{-4}$ á ári og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
- Efnistaka fyrir 50.000 m³ vegna sandfangara austan Víkurár ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Í varúðarskyni er ekki gert ráð fyrir að íbúðarbyggð verði skipulögð undir Víkurhörmrum ofan Þjóðveggarins austan þess staðar þar sem hamrarnir ná fullri hæð.
- Fylgjast skal vel með og að setja upp viðvörðunarskilti þar sem hættu er á grjóthruni, þetta á sérstaklega við um gönguleiðir í nágrenni Víkur.

Jarðskjálftar

Mýrdalshreppur er á svæði sem búast má við einhverjum jarðskjálftum. Snarpir skjálftar geta fylgt Kötluogosum. Ólíklegt er talið að jarðskjálftar sem fylgja eldgosum undir Mýrdals- og Eyjafjallajökli geti valdið mikilli hættu eða tjóni vegna smæðar sinnar og hversu langt þeir verða frá byggð.

Nákvæmar og stöðugar mælingar á jarðhræringum fara fram við Mýrdalsjökul. Mikilvægt er að fylgjast með jarðhræringum á svæðinu þar eð tengsl eru talin vera á milli þessara hreyfinga og hugsanlegs Kötluhlaups.


Á Íslandi er skjálftasvæðum skipt í 5 hönnunarhröðunarsvæði, þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkur er 0,4g og sá lægsti 0,1g. Samkvæmt skiptingu er Mýrdalshreppur á svæðum 0,10g, með minnsta áhættu, 0,15g og 0,2g. Hönnun mannvirkja í Mýrdalshreppi skal miðast við hönnunarstaðla skv. þessari flokkun.

Skilmálar fyrir mannvirkjagerð vegna jarðskjálfta

- Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998): Design provisions for earthquake resistance of structures, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-1:1994 er Mýrdalshreppur á hönnunarhröðunarsvæðum 0,10g, 0,15g og 0,20g. Taka þarf til þess við hönnun mannvirkja.

5.8. Helstu breytingar

- Stefnt er að því að fella út af skipulagi urðunarsvæði við Uxarfótalæk ofan Hringveggar, en það verður í notkun þar til nýtt sameiginlegt svæði með nágrannasveitarfélögum verður ákveðið.
- Felld er út skotæfingarsvæði.
- Felld eru út skógræktarsvæði í þéttbýlinu.



Mynd 5.3: Jökulhlaup niður
Sólheimasand

Heimild: Almannaávardeild
Ríkislögreglustjóra (2011)



Mynd 5.4: Jökulhlaup niður Mýrdalssand

Heimild: Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra (2011)

6. Umhverfis- áhrif

6.1. Niðurstaða umhverfismats

Umhverfismat vegna Aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 hefur nýst til þess að skilgreina helstu umhverfisáhrif nýrrar stefnu og meta vægi þeirra. Vegna reynslu frá gildandi aðalskipulagi hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps ákveðið að tryggja ítarlega umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif. Áhersla matsvinnu var á möguleg umhverfisáhrif þess að færa til Hringveginn í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um öryggi og áreiðanleika í samgöngum.

Mikilvægur liður matsvinnu var því að skýra frá eðli mikilvægra umhverfisþátta með það að markmiði að geta lagt mat á vægi og umfang áhrifa. Matsvinna og skilgreining áhrifa hafa verið óvenju ítarleg miðað við lagakröfur um umhverfismat áætlana. Ákvörðun sveitarfélagsins byggir því á góðum upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif.

Samlegðaráhrif eru fólgin í því að ýmsar aðgerðir sem fylgja stefnu aðalskipulags haldast í hendur. Sérstaklega er hér litið til stefnu um samgöngur og stefnu um uppbyggingu atvinnulífs með áherslu á eflingu ferðaþjónustu. Vegagerð vegna tilfærslu Hringveggar kemur til með að raska landi og náttúruferi en tryggir öruggar samgöngur allan ársins hring. Stýrihópur skipulagsvinnu telur að öruggt og greiðfært grunnkerfi í samgöngum sé mikilvæg forsenda þess að efla atvinnulíf og að samgöngubætur aðalskipulagsins séu ein af forsendum þess að gera sveitarfélagið að vænlegum búsetukosti.

Önnur stefnumið og aðgerðir nýs aðalskipulags sem fjallað var um í umhverfismatinu snúa helst að efnistöku, sorp- og úrgangsmálum og eðli og umfang uppbyggingar í þéttbýli.

Megin áhersla umhverfismats var á líkleg áhrif þess að færa Hringveginn. Veigamestu umhverfisþættir í matinu voru annars vegar náttúruferisþættir sem tengjast Dyrhólaósi og aðliggjandi gróðurlendi og hins vegar möguleg sjónræn áhrif og áhrif á fjölsóttu ferðamannastaði í nágrenninu.

Dyrhólaós er svæði á Náttúruminjaskrá og hefur þar með ákveðið verndargildi. Erfitt verður að komast algjörlega hjá því að raska þessu svæði þar sem veglínan fer mitt á milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss en Loftsalahelli tilheyrir svæðinu sem er á skránni. Að öðru leyti ætti að vera hægt að komast hjá því að raska svæðinu á Náttúruminjaskrá, þar sem veglínan hefur verið færð út fyrir afmörkun þess.

Dyrhólaós og gróðurlendin í kring eru undir stöðugum áhrifum og breytingum bæði vegna náttúrulegra ferla og aðgerða manna. Vatnsflæði á milli gróðurlendisins og

óssins er talið til veigamestu eðlisþátta og gefa ósnum það vistfræðilega hlutverk sem hann hefur. Draga má úr mögulegum neikvæðum áhrifum á vistkerfið með því að tryggja að vatnsstraumar milli gróðurlendis og Dyrhólaóss verði áfram sem líkastir því sem er í dag.

Fjölbreytt fuglalíf er í nágrenni við Dyrhólaós og er ósinn mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir votlendisfugla. Nauðsynlegt er að kortleggja betur samsetningu fuglalífs og skilgreina áhrif og mögulegar mótvægisáðgerðir. Hafa verður í huga að upplýsingar um notkun fugla á svæðinu eru takmarkaðar. Vegagerð veldur staðbundnu raski á búsvæði fugla en hefur líklega einnig óbein áhrif á nærumhverfi. Ákveðin óvissa er um áhrif umferðar á fuglalíf vegna skorts á rannsóknunum á Íslandi. Í matsvinnunni var bent á dæmi þar sem vegur liggur nálægt og meðfram bakka á leirum sem gegna þó áfram sína hlutverki sem fæðuöflunarstaður með ríku fuglalífi.

Alls verður beint rask af færslu veglínunni vestan við Reynisfjall um 19,2 ha. Beint rask á votlendi mun vera u.þ.b. 9 ha. Sum votlend svæði sem verða fyrir raski eru nokkuð heilleg en önnur hafa verið ræst fram og nýtt fyrir landbúnað. Með aðalskipulaginu er stefnt að endurheimt votlenda á öðrum stöðum í sveitarfélaginu.

Alls raskast um 5,2 ha af ræktanlegu landi við færslu Hringveggar. Er notkun landsins mismunandi s.s. tún og rófurækt. Beint rask á svæði á Náttúruminjaskrá er 1,2 ha.

Rask vegna gangamunna og vegamannvirkja í hlíðum Reynisfjalls verður staðbundið og ekki á því svæði sem helst telst sem búsvæði brekkubobbans, þ.e. hvannstöð í hlíðum Reynisfjalls.

Vegur verður almennt mjög sýnilegur þar sem hann liggur um opið landslag. Farið var í sérstaka vettvangsathugun til að kanna sýn til vegar frá helstu ferðamannastöðum, s.s. Dyrhólaey og Reynisfjöru. Áhrif á útsýni frá þessum stöðum verða líklega óveruleg eða engin. Hann verður hins vegar mjög áberandi frá Loftsalahelli. Mestu neikvæð áhrif vegna landslagsbreytinga verða líklega í Víkurfjöru. Þar gæti vegur og umferð dregið úr gildi Víkurfjöru sem útivistar- og ferðamannastaðar. Ekki er þó víst að mikið muni sjást til vegar úr Víkurfjöru en gera má ráð fyrir að framlengdur sjóvarmargarður verði á milli fjöru og vegamannvirkja. Mótvægisáðgerðir geta líklega dregið úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Aðgerðir sem hafa verið nefndar eru gerð undirganga til að tryggja gott aðgengi, bygging áningar- og útsýnisstaðar og að auðvelda aðgengi að fjöru austan við sandfangara.



Á meðan tilfærsla vegarins hefur jákvæð áhrif á hljóðvist innanbæjar verður hljóðvist lakari í nágrenni við nýja veglínu. Öruggt er þó að hávaði vegna umferðar verður haldið undir viðmiðunarmörkum og gripið til mótvægisáðgerða sé þess þörf.

Áhrif áforma um uppbyggingu og þróun ferðapjónustu í samræmi við hugmyndafræði jarðvanga eru líkleg til að vera jákvæð m.t.t. umhverfisins. Með þessu er ferðapjónustu í sveitarfélaginu sett ákveðin stefna sem m.a. tekur tillit til sjálfbærnisjónarmiða. Þetta er líklegt til að fyrirbyggja rask á náttúrunni vegna aukins álags sem getur orðið með fjölgun ferðamanna.

Stefna um staðsetningu iðnaðar- og athafnarsvæða er stefnumarkandi ákvörðun um að viðhalda og vernda ásýnd bæjarins og koma í veg fyrir neikvæð áhrif uppbyggingar á bæjarmynd.

Úrgangs- og sorpmál eru veigamikill málaflokkur og er stefnt að sameiginlegu urðunarsvæði fyrir Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Rangárþing eystra á Skógasandi í síðastnefnda sveitarfélaginu.

Á heildina litið má segja að megin áhersla umhverfismats hafi verið á að skýra frá mikilvægum lykilþáttum náttúrufars í Mýrdal. Við skilgreiningu líklegra áhrifa vegna vegagerðar í Mýrdal var sérstaklega litið til samspils ólíkra en samhangandi þátta eins og gróðurlendi, ós, vatnafar og fuglalíf. Ljóst er að framkvæmd stefnu um að færa Hringveg í Mýrdal mun valda raski á umhverfi og umbreyta ásýnd svæðisins sem hann kemur til með liggja um.

Veigamestu jákvæðu áhrif aðalskipulagsins eru fólgin í öruggari samgöngum í samræmi við leiðarljós aðalskipulagsins um samgöngur. Einnig er jákvætt að aðalskipulagsstefnan styður við uppbyggingu atvinnulífs, að tekið er á úrgangs- og sorpmálum til að finna framtíðarlausn og að stefnt er að því að vernda og viðhalda ásýnd bæjarins. Þá er metið að aðgerðir sem tengjast uppbyggingu jarðvangs séu líklegar til að hafa jákvæð áhrif á þróun ferðapjónustu og að þær muni taka tillit til þarfa náttúrutengdrar ferðamennsku.



7. HEIMILDIR

Agnar Ingólfsson (1985). Fjörur á Suðvesturlandi, sérprent úr Árbók FÍ.

Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra (2011). Viðbrögð íbúa vegna eldgoss í Mýrdalsjökli og jökulhlaups niður Markarfljótsaura. Heimasíða, heimsótt 5.9.2011. http://www.almannavarnir.is/default.asp?cat_id=193.

Alþingi (2009) Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Þskj. 239-192. mál. Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Byggðastofnun (2008). Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun. Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson. Júlí.

Byggðastofnun (2009). Byggðapróun. Ástand og horfur. Fylgirit með tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013. Desember.

Byggðastofnun (2010). Hagvöxtur landshluta 2003-2008. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið fyrir Byggðastofnun 2010. Apríl.

Environice (2009). Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamfélagsins Hulu 2008-2020.

Fjarhitun (1994). Lágsvæði – 2. áfangi (2. hluti). Vík í Mýrdal. Landeyðing, skipulagsmat og tillögur um aðgerðir. Unnið fyrir Vita- og hafnamálastofnun, Skipulag ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands. Nóvember 018/GÍ.

Fornleifanefnd (1990). Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990.

Fornleifastofnun Íslands (2011). Menningarminjar í Mýrdalshreppi. Svæðisskráning fornleifa. Oddgeir Isaksen. FS475-11021. Reykjavík.

Hagstofa Íslands (2011). Gögn fengin úr talnaefni heimasíður Hagstofunnar.

Katrín Gunnarsdóttir (2004). Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík / Suður-Vík og Húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík. Katrín Gunnarsdóttir, fornleifafræðingur MA.

Mannvit (2009). Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020. Sorpa, Sorpstöð Suðurlands, Kalka og Sorpurðun Vesturlands. Lokadrög.

Orion ráðgjöf (2000). Katla. Áhættugreining vegna hugsanlegs goss og hlaups niður Mýrdalssand. Unnið fyrir Almannavarnir ríkisins.

Katla Geopark Project (2010). Application. Ragnhildur Sveinbjarnardóttir ritstj., Lovísa Ásbjörnsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sigurður Sigursveinsson, Steingerður Hreinsdóttir og Þuríður Halldóra Aradóttir.

Mýrdalshreppur (2009). Staðardagskrá 21. 2. útgáfa.

Mýrdalshreppur (2010). Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025. Teiknistofa Benedikts Björnssonar.

Mýrdalshreppur (2010b). Menntastefna Mýrdalshrepps.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Gróðurflokkun og –kortlagning í Mýrdal.

Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillaga til þingsályktunar. Þskj. 239 – 192. mál. Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (2010). Jarðvangur á Suðurlandi. Katla Geopark Project. Samantekt. Desember.

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir (2011). Katla Geopark Project. Leiðsögn á jarðvangi í Skógum 26. febrúar 2011. Glætur.

Rammaáætlun (2010). Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafla og jarðhitasvæði – 2. Áfangi. Niðurstöður faghópa. Kynningar- og umsagnarferli verkefnisstjórnar. Mars.

Siglingastofnun (2011). Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir 2011.

Sóknaráætlun 20/20 (2010). Stöðuskýrsla Suðurnesja. Töluleg samantekt. Mars 2010.

Sóknaráætlun 20/20 (2010b): Niðurstöður 20/20 Sóknaráætlunar. Tekið saman af Stýrihópi Sóknaráætlunar. Nóvember 2010.

Stefnumótun Rangárþings og Mýrdals í atvinnu- og ferðamálum 2005-2010. Kraftur- feegurð – ferskleiki. Power and purity.

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013. Þskj. 910 – 521. mál. Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Trausti Jónsson (2011). Samantekt veðurfarsgagna vegna endurskoðunar Aðalskipulags Mýrdalshrepps.

Umhverfisstofnun (2011). Heimasíða, heimsótt 23.6.2011. <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>

Vaxtarsamningur Suðurlands 2010-2013.



Vaxtarsamningur Suðurlands (2006). Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Suðurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar. Lónaðar- og viðskiptaráðuneytið. Apríl.

Veðurstofa Íslands (2009). Hættumat fyrir Vík í Mýrdal. Greinargerð með hættumatskort. Unnið fyrir Hættumatsnefnd Mýrdalshrepps. Tómas Jóhannesson og Jón Gunnar Egilsson. Ví-2009-008. Desember.

Veðurstofa Íslands (2011). Ýmsar veðurupplýsingar.

Vegagerðin (2000). Jarðgangaáætlun. Janúar.

Vegagerðin (2002). Hættulegar beygjur á þjóðvegi 1. Rannum – Rannsóknarráð umferðaröryggismála, New development, Vegagerðin. September.

Vegagerðin (2008). Hringvegur (1-b2/b4) um Mýrdal. Frumdrög. Veghönnunardeild. Nóvember.

Vegagerðin (2011). Umferð á þjóðvegum. Meðaltöl. Fengið á vefsíðu Vegagerðar, 26.8.2011:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdin/umfthjodvegum/>

Vegagerðin (2012). Slysátíðni. Meðaltöl. Fengið á vefsíðu Vegagerðar, 5.1.2012:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdaroryggismal/slysatidni/>

Þjóðskrá (2011). Upplýsingar um fjölda íbúða eftir sveitarfélögum í árslok 2011.

Fengið af heimasíðu, www.skra.is þann 12.3.2012.